# FRÉTTABLAÐIÐ

178. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 2. ÁGÚST 2019




Veðurblíðan lék enn við höfuðborgarbúa í gær og nýttu sumir tækifærið til að busla í Elliðaánum. Fram undan er mesta ferðahelgi ársins og stefnir víða í fínt veður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Segir Sigmund elta Trump

**SKOÐUN** „Þú ert að fylgja fordæmi öfgaflokka í Evrópu og Trumps í Bandaríkjunum. Þetta er langt fyrir neðan virðingu þess Sigmundar Davíðs sem kom eins og ferskur blær inn í íslensk stjórnmál fyrir nokkrum árum,“ skrifar Kári Stefánsson í opnu bréfi til Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Miðflokksins.

Kári rekur baráttu Sigmundar við kröfuhafana, sem hann reyndist sjálfur vera, Klaustursmálið og efasemdir Sigmundar um loftslagsbreytingar. Bréfið fjallar að sögn Kára um manninn sem stöðugt sé að leita að annarra manna flísum, sitjandi á eigin bjálka.



Kári Stefánsson.

Sjá síðu 11

# Litlar efasemdir um loftslagsbreytingar

**Mikill meirihluti landsmanna er annaðhvort mjög eða frekar sammála því að loftslagsbreytingar af mannavöldum séu staðreynd.**

**UMHVERFISMÁL** Um 87 prósent eru á því að loftslagsbreytingar af mannavöldum séu staðreynd. Þetta sýna niðurstöður könnunar sem Zenter rannsóknir gerðu fyrir Fréttablaðið og fréttablaðið.is. „Þetta sýnir gerbreytingu á því að meðvitund fólks er orðin miklu meiri og það er líka búin að vera miklu meiri opinber umræða. Það er auðvitað mjög jákvætt að mínu viti og brýnir stjórnvöld til frekari aðgerða á þessu sviði,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

Alls reyndust rúm 62 prósent mjög sammála því og tæp 25 prósent frekar sammála. Rúm átta prósent eru hvorki sammála né ósammála og aðeins tæp fimm prósent eru annaðhvort frekar eða mjög ósammála.

Mestu efasemdirnar um að loftslagsbreytingar af mannavöldum séu staðreynd er að finna meðal stuðningsmanna Miðflokksins og Flokks fólksins. Um fjórðungur stuðningsmanna Miðflokksins og rúm 28 prósent stuðningsmanna Flokks fólksins eru frekar eða mjög ósammála því að loftslagsbreytingar af mannavöldum séu staðreynd.

Katrín minnir á að stjórnvöld hafi kynnt aðgerðaáætlun í loftslagsmálum síðasta haust þannig að hún þyrfti að vera í stöðugri endurskoðun. „Hún mun auðvitað vera það og með vorinu sáum við aðgerðir fara í gang og fjármagnið fara að vinna. Bæði varðandi orkuskiptin og kolefnisbindinguna.“ – sar / sjá síðu 4

## Tekur mest mark á skömmum mömmu sinnar

**KLAUSTURSMÁLIÐ** Álit siðanefndar Alþingis kom Bergþóri Ólasyni, þingmanni Miðflokksins, á óvart en hann telur að Klaustursmálinu sé nú lokið. Hann ræðir í viðtali núning innanflokks, tvískinnung andstæðinga og hafnar því að orkupakkamálið hafi verið smjörklípa. Bergþór vonaðist til, fram á síðasta dag, að sá angi málsins sem tengdist Albertínu Elíasdóttur yrði tekinn út hjá nefndinni. „Ég held að karlmenn almennt séu ekki áhugasamir um að ræða uppákomur sem þessar.“ – khg /

sjá síðu 8



Bergþór Ólason.




## Veður




Hæg austlæg eða breytileg átt og bjart með köflum, en þokubakkar eða súld við sjávarsíðuna N- og A-til. Líkur á síðdegisskúrum NA-lands. Hiti víða 15 til 22 stig að deginum, hlýjast SV-til. SJÁ SÍÐU 18



**Deilt hefur verið um lambakjötsskort.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Athugun vegna kjöts ekki hafin

**LANDBÚNAÐUR** Samkeppniseftirlitið (SKE) hefur ekki tekið afstöðu til þess hvort hafin verður formleg athugun á meintu samráði afurðastöðva í kindakjötsframleiðslu.

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að eftirlitið hafi móttekið erindi vegna málsins frá Félagi atvinnurekenda (FA), en erindi frá Samtökum verslunar og þjónustu sem boðað hafi verið í fjölmiðlum hafi ekki borist stofnuninni.

„Eftirlitið mun á næstunni taka afstöðu til hvort og þá með hvaða hætti þessi mál verða tekin til formlegrar athugunar,“ segir í svari Samkeppniseftirlitsins.

Í erindi sem FA sendi til SKE í síðustu viku er þess farið á leit að eftirlitið hefji rannsókn á háttsemi afurðastöðva í tengslum við útflutning á lambakjöti, sem að mati félagsins þjóni þeim tilgangi að stuðla að skorti og verðhækkunum á vörum.

Í gær var tilkynnt um breytta skoðun ráðgjafarnefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara sem leggst nú gegn því að tollkvótar verði opnaðir fyrir lambahryggi, en hún komst að annarri niðurstöðu í síðustu viku þegar rannsókn hennar leiddi í ljós að það væri ekki nægilegt framboð til staðar.

Eftir fyrri niðurstöðu nefndarinnar gerðu afurðastöðvar ráðstafanir sín á milli til að laga birgðastöðuna og ráðherra fól nefndinni í kjölfarið að rannsaka málið að nýju. **– aá**

# Ný brú yfir Eldvatn



Brúin yfir Eldvatn hjá Ásum í Skaftártungu skemmdist verulega í Skaftárhlaupi árið 2015. Nú stendur yfir vinna við uppbyggingu nýrrar brúar yfir vatnið. Til stendur að vígja brúna í lok sumars. Brúin er með frístandandi stálbogum og tekur sig vel út í landslaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fimm milljarða tap Icelandair

**VIÐSKIPTI** Icelandair Group tapaði rúmlega 40,8 milljónum Bandaríkjadala, jafnvirði rúmlega 5 milljarða króna, á öðrum fjórðungi ársins. Tapið eykst á milli ára en á sama tímabili í fyrra nam það 25 milljónum dala, eða rúmlega 3 milljörðum króna á gengi dagsins í dag.

Heildartekjur námu 402,8 milljónum dala, jafnvirði 49,8 milljarða króna, og hækkuðu um 1 prósent á milli ára.

EBIT var neikvætt um 24,1 milljón dala, lækkar um 4,3 milljónir dala á milli ára. EBIT var jákvætt um 25,9 milljónir dala án þegar áætlaðra áhrifa kyrrsetningar MAX-véla og eykst á milli ára um 45,7 milljónir dala. EBIT spá ársins 2019 án áhrifa MAX-kyrrsetningarinnar er jákvæð um 50-70 milljónir dala. Að teknu tilliti til þegar áætlaðra MAX-áhrifa er EBIT spá ársins neikvæð um 70-90 milljónir dala.

Félagið flutti 39 prósent fleiri farþega til Íslands á öðrum ársfjórðungi en á sama tíma 2018. **– þfh**

# Hækkuðu leiguna en aðgengi enn ekki bætt

**Embætti sýslumannsins í Vík getur ekki með góðu móti tekið við fötluðu fólki. Arion banki, sem á húsið, hækkaði leiguverðið svo fara mætti í framkvæmdir. Nú að fjórum árum liðnum hefur hins vegar enn ekkert gerst.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Aðgengi fatlaðra að húsnæði sýslumannsembættisins í Vík í Mýrdal hefur enn ekki verið bætt þrátt fyrir að fjögur ár séu frá því að embættið og eigandi hússins, Arion banki, ætluðu að gera bragarbót á. Arion banki hækkaði leiguna til að geta staðið straum af bættu aðgengi fatlaðra en gerði hins vegar ekkert í málinu.

Fréttablaðið sagði frá því í júlí árið 2015 að fólk í hjólastólum kæmist ekki til sýslumanns í Vík vegna skorts á aðgengi fyrir fatlaða. Á þeim tíma sagði sýslumaðurinn á Suðurlandi að ekki væri til fjármagn til að bæta úr aðgengi. Sýslumannsembættið á staðnum sinnir málefnum hreyfihamlaðra en þar sem skrifstofan er á annarri hæð í lyftulausu húsi eru aðgengismál í ólestri.



**Frá Vík í Mýrdal.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Ekki er aðgengi fyrir hreyfihamlaða í útibúi sýslumannsins í Vík í Mýrdal og ekki er til fjármagn til framkvæmda:

## Fólk í hjólastól kemst ekki til sýslumannsins

**SAMFÉLAG** „Þetta er opinber stofnun sem sinnir málefnum hreyfihamlaðra en hún getur ekki tekið á móti þeim,“ segir Bergur Þorri Benjamínsson, varaformaður Sjálfsbjargar, Landssambands fatlaðra, um það að útibú Sýslumannsins á Suðurlandi í Vík í Mýrdal sé ekki aðgengilegt hreyfihömluðum. Útibúið er á annarri hæð í lyftulausu húsi.

Bergur hefur sett sig í samband við sýslumanninn og Arion banka hf. sem er eigandi hússins, og krafist þess að farið verði í framkvæmdir til þess að tryggja aðgengi fyrir hreyfihamlaða.

BERGUR ÞORRI BENJAMÍNSSON

„Þetta gengur ekki svona og ég bíð bara eftir að þingið komi saman í haust og hefst þá handa við að gera eitthvað í málinu,“ segir Bergur. Hann segir einn einstakling í hjólastól búa í Vík í Mýrdal og það séu fleiri sem eigi erfitt með gang.

„Það er bara ekki til fjármagn til að bæta úr því,“ segir Anna Birna Þráinsdóttir, sýslumaðurinn á Suðurlandi, og bætir við að embættið hafi ekki fjármagn til framkvæmda, hvorki í formi hækkaðrar húsaleigu eða beinnar greiðsluþátttöku í framkvæmdunum.

„Okkur þykir þetta afskaplega leitt. Við þjónustum þó einstaklinga sem ekki komast til okkar á annan hátt, til dæmis fara starfsmenn á heimili viðkomandi,“ segir Anna. - ngy

SÝSLUMAÐUR Þess er krafist að farið verði í framkvæmdir við húsnæði útibús sýslumannsins í Vík í Mýrdal. MYND/SIGURÐUR

**Úrklippa úr frétt Fréttablaðsins frá 31. júlí 2015.**

Húsnæði embættisins í Vík er leiguhúsnæði en leigusalinn er Arion banki. Fram kemur í svari sýslumannsembættisins til Sjálfsbjargar að viðauki hafi verið gerður við leigusamning árið 2015 til að gera bragarbót á aðgengismálum. Við það hækkaði leigan. „Efndir urðu engar og varð úr að samningnum var sagt upp í lok árs 2016, enda dugðu fjárheimildir embættisins á þeim tímapunkti ekki fyrir rekstri þess,“ segir í svari embættisins.

„Ég harma það sleifarlag sem bankinn hefur sýnt í þessu máli. Bankinn er búinn að hafa fjögur ár og ekkert gert. Það sýnir forgangsröðunina í hnotskurn. Hreyfihamlaðir mega láta sér það nægja að bíða fyrir utan. Svona framkoma er algjörlega óþolandi,“ segir Bergur Þorri Benjamínsson, formaður Sjálfsbjargar.

Arion banki hefur nú ákveðið að taka málið upp aftur og þakkar Sjálfsbjörg fyrir ábendinguna.



**Bergur Þorri Benjamínsson.**

„Til að bæta aðgengi fatlaðra var ákveðið að setja upp lyftu í húsinu og voru teikningar unnar og lyfta pöntuð. Við hörmum það hins vegar að brestur hefur orðið á eftirfylgni málsins og enn hefur ekki orðið af uppsetningu lyftunnar,“ segir Haraldur Guðni Eiðsson, upplýsingafulltrúi Arion banka. „Á þessum tímapunkti eru ástæður þess mér ekki að fullu kunnar, meðal annars vegna mannabreytinga innan rekstrarsviðs bankans og sumarfría. Vegna ábendingar frá formanni Sjálfsbjargar hefur þetta mál hins vegar nú verið endurvakið og vonandi verður hægt að bæta úr þessu sem fyrst.“ **sveinn@frettabladid.is**

Tannlækningar í Ungverjalandi
Sparaðu allt að 50-70%!




Hafðu samband:
+ 36 70 942 9573
info@fedaszdental.hu
www.tannlaeknathjonusta.is

# FJÓRFALDIR VILDARPUNKTAR ICELANDAIR

hjá Olís og ÓB alla verslunarmannahelgina, 1.–5. ágúst

ICELANDAIR

Vinur við veginn olís




## FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**1** **„Fyrst þegar ég sá þetta hrökk ég í kút“** Hjólreiðamaður hjólaði í veg fyrir bíl í Kópavogi fyrir rúmri viku. Myndband náðist af atvikinu og hefur það vakið mikla athygli á samfélagsmiðlum.

**2** **Segir Lilju hafa misnotað orðið ofbeldi í pólitískum tilgangi** Gunnar Bragi segir Lilju Alfreðsdóttur misnota hugtakið ofbeldi um háttsemi þingmanna Klausturmálsins í pólitískum tilgangi.

**3** **Broadway-goðsögn lést í Reykjavík** Broadway-leikstjórinn og framleiðandinn Hal Prince er látinn. Hann lést í Reykjavík.

**4** **Ekið á heimilislausan mann: „Ég lifi af í dag“** Ekið var á Geir Júlíus Harrysson, heimilislausan öryrkja, þegar hann var á leiðinni í Sorpu með kerru fulla af flöskum.

**5** **Félag Bjarna hagnaðist um 1,8 milljarða** Sjávarsýn, fjárfestingarfélag Bjarna Ármannssonar, hagnaðist um 1,8 milljarða króna í fyrra samkvæmt nýbirtum ársreikningi félagsins.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á **www.frettabladid.is**

## Hvalir í Eyjafirði norðanverðum

**NORÐURLAND** Forsvarsmenn hvalaskoðunarfélaga í norðanverðum Eyjafirði hafa ekki lent í teljanlegum vandræðum með að hafa uppi á hval. Freyr Antonsson, hjá Arctic Adventures á Dalvík, segir að farnar hafi verið 180 ferðir í júlí og hvalur sést í öllum nema fjórum.

„Við höfum þurft að sigla aðeins utar þar sem ætið er, það er ekkert óeðlilegt,“ segir Freyr. „Í fyrradag fór ég þrjár ferðir. Um morguninn sá ég einn hnúfubak, um miðjan daginn sá ég fimm og seinnipartinn einn. Allt á sama blettinum.“

Í gær fjallaði Fréttablaðið um að lítið væri um hval í Eyjafirði en samkvæmt Frey og fleirum virðist vandamálið aðallega bundið við fjörðinn innanverðan. **– khg**

# Vinnubrögð SÍ beri keim af kúgunartilburðum

**DÓMSMÁL** Blaðamannafélag Íslands fordæmir fráleita tilraun Seðlabanka Íslands til að þagga niður mál sem tengist launakjörum og hlunnindum sem bankinn veitti þáverandi framkvæmdastjóra gjaldeyriseftirlits bankans.

Seðlabankinn hefur stefnt Ara Brynjólfssyni, blaðamanni Fréttablaðsins, fyrir dóm vegna fyrirspurnar hans til bankans um umrædd launakjör og hlunnindi framkvæmdastjórans. Blaðamannafélagið krefst þess að Seðlabankinn láti af þessum fyrirætlunum og afhendi gögnin strax.

Blaðamannafélagið segir vinnubrögð bankans bera keim af leyndarhyggju og kúgunartilburðum sem eigi ekki að viðgangast hjá opinberum stofnunum.

Um sé að ræða mál sem varðar almenning og er það ólíðandi að blaðamenn þurfi að standa í langvinnum, dýrum og tímafrekum málarekstri til að fá upplýsingar frá opinberum aðilum.

Mál bankans gegn Ara verður þingfest klukkan eitt í dag í Héraðsdómi Reykjaness. Lögmanni Ara var birt réttarstefna í gær en málið höfðar Seðlabankinn til ógildingar á úrskurði úrskurðarnefndar um upplýsingamál sem kveðinn var upp 3. júlí síðastliðinn.


**Blaðamannafélagið fordæmir vinnubrögð Seðlabankans í málinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI.

Í úrskurðinum er kveðið á um skyldu Seðlabankans til að afhenda Ara umbeðin gögn um námssamning bankans við fyrrverandi framkvæmdastjóra gjaldeyriseftirlitsins. Með úrskurði fyrr í vikunni féllst héraðsdómur hins vegar á beiðni Seðlabankans um flýtimeðferð málsins.

Búist er við að í þinghaldi í dag verði lögmönnum veittur tveggja vikna frestur til að skila greinargerðum. **– ilk, aá**

# Jákvætt hvað fólk er meðvitað og upplýst um loftslagsmálin

**Mikill meirihluti landsmanna er sammála því að loftslagsbreytingar af mannavöldum séu staðreynd. Forsætisráðherra segir þetta áminningu til stjórnmálamanna um að standa í stykkinu. Jákvætt sé hve meðvitað og upplýst fólk er. Það komi heldur ekki á óvart hversu afdráttarlaust unga fólkið sé í málinu.**

**UMHVERFISMÁL** Rúmlega 62 prósent eru mjög sammála því að loftslagsbreytingar af mannavöldum séu staðreynd samkvæmt nýrri könnun sem Zenter rannsóknir gerðu fyrir Fréttablaðið og fréttablaðið.is.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra bendir á að þegar almenningur hafi nýlega verið spurður um stærstu samfélagslegu áskoranirnar hafi loftslagsmálin verið langefst á blaði.

„Þannig að við skynjum alls staðar hvatningu til að grípa til aðgerða. Mér finnst það í sjálfu sér mjög jákvætt hvað meðvitund fólks er mikil og hvað fólk er upplýst um þetta. Um leið held ég að þetta sé mikilvæg áminning fyrir stjórnmálin að standa í stykkinu hvað þessi mál varðar,“ segir Katrín.

Nú sé líka verið að setja aukinn þunga í rannsóknir sem tengjast loftslagsmálum. „Það er lykilatriði að það sem við erum að gera sé að skila raunverulegum árangri,“ segir Katrín.

Nánast allir stuðningsmenn Pírata, Vinstri grænna, Samfylkingarinnar og Viðreisnar, eða á bilinu 97 til 99 prósent, eru mjög eða frekar sammála því að loftslagsbreytingar af mannavöldum séu staðreynd. Tæplega 84 prósent stuðningsmanna Framsóknarflokksins og tæp 80 prósent Sjálfstæðismanna eru því sammála.

Efasemdir um loftslagsbreytingar af mannavöldum er nánast eingöngu að finna meðal stuðningsmanna Miðflokksins og Flokks fólksins. Þannig er rúmur fimmtungur Miðflokksfólks frekar eða mjög ósammála og rúm 28 prósent kjósenda Flokks fólksins. Tæp 57 prósent stuðningsmanna Miðflokksins eru frekar eða mjög sammála og um tveir af hverjum þremur stuðningsmönnum Flokks fólksins.

Konur eru heldur sannfærðari um loftslagsbreytingar af mannavöldum en karlar. Þannig eru tvær af hverjum þremur konum mjög sammála því en tæp 58 prósent karla. Rúm sjö prósent karla eru hins vegar ósammála því að loftslagsbreytingar af mannavöldum séu staðreynd en einungis tæp þrjú prósent kvenna.

Þegar horft er á afstöðu mismunandi aldurshópa til málsins kemur í ljós að því yngra sem fólk er, því líklegra er það til að vera sammála því að loftslagsbreytingar af mannavöldum séu staðreynd.

Í aldurshópnum 18-24 ára eru 83 prósent mjög sammála fullyrðingunni og rúm tólf prósent frekar sammála. Enginn sem svaraði í þessum aldurshópi sagðist ósammála.

Katrín segir þetta ekki koma á óvart og bendir á mikla þátttöku í loftslagsverkföllum. „Maður skynjar líka mikinn áhuga þegar maður ræðir við ungt fólk. Við erum að sjá hérna kynslóð koma fram sem er miklu meðvitaðri og hefur miklu sterkari skoðanir á þessu en fyrri kynslóðir.“

Í elsta aldurshópnum sem er fólk 65 ára eða eldra er rúmt 41 prósent mjög sammála fullyrðingunni og tæp 30 prósent frekar sammála. Þá reynast tæp 13 prósent ósammála fullyrðingunni.

Könnunin var framkvæmd 24.-29. júlí síðastliðinn og var send á tvö þúsund einstaklinga í könnunarhópi Zenter rannsókna. Svarhlutfallið var 51 prósent en gögnin voru vigtuð eftir kyni, aldri og búsetu. **sighvatur@frettabladid.is**






FJALLA KOFINN

# Tilbúin í ferðalag?

SCARPA | Marmot | GREGORY | ARC'TERYX | LAKEN | patagonia | LIFESYSTEMS




## Í Fjallakofanum færðu allt sem þarf, hvort sem það er í lengri eða skemmri gönguferðir.

Scarpa gönguskór ✓ Gregory bakpoki ✓ Marmot göngubuxur og flíspeysa ✓ Arc'teryx hlífðarjakki
Lifesystems hitateppi og sjúkrataska ✓ Laken vatnsflaska ✓ Patagonia derhúfa

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is

FJALLA KOFINN



**Boris Johnson er ákveðinn í útgöngu 31. október.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Hagvaxtarspár lækka vegna óvissu um Brexit

**BRETLAND** Englandsbanki hefur lækkað hagvaxtarspár sínar vegna vaxandi óvissu um Brexit. Gerir bankinn nú ráð fyrir 1,3 prósenta hagvexti í ár í stað 1,5 prósenta vaxtar og að vöxturinn á næsta ári verði 1,3 prósent í stað 1,6 prósenta.

Bankinn ákvað í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum, eða í 0,75 prósentum. Spár byggja enn á því að Bretland gangi úr Evrópusambandinu með samningi en jafnframt er varað við því að hagvöxtur gæti orðið miklu minni verði útgangan án samnings.

Þá heldur gengi pundsins áfram að falla og hafði í gær ekki verið lægra gagnvart Bandaríkjadal síðan í janúar 2017.

Boris Johnson forsætisráðherra er staðráðinn í því að Bretland yfirgefi ESB þann 31. október næstkomandi, með eða án samnings. Hann hefur sagt að hann muni ekki setjast að samningaborðinu nema ESB gefi eftir í deilunni um landamæri Írlands og Norður-Írlands. – **sar**



**Flugvélin var af gerðinni Cessna.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Féll úr flugvél

**BRETLAND** Hin nítján ára gamla Alana Cutland, frá Milton Keynes í Bretlandi, lést eftir að hún féll úr flugvél á leið frá Madagaskar í vikunni. Reuters greinir frá.

Alana opnaði sjálf dyr flugvélarinnar sem varð til þess að hún féll frá borði um tíu mínútum eftir flugtak. Lík hennar hefur ekki fundist enn.

Hún lagði stund á nám í náttúruvísindum við Cambridge-háskóla í Bretlandi og hafði verið við rannsóknir á afrísku eyjunni Madagaskar en var á heimleið þegar hún féll úr vélinni yfir Savannah-eyðimörkinni.

Alönu er lýst sem ábyrgðarfullri og sjálfstæðri konu sem var elskuð af fjölskyldu sinni. Foreldrar hennar segja hana hafa verið fulla af ævintýraþrá. „Alana greip hvert tækifæri sem henni var boðið af eldmóði og tilfinningu. Hún þráði ævintýri og leitaðist ávallt eftir því að að auka þekkingu sína og reynslu á sem besta hátt,“ segir móðir hennar. – **bdj**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á **www.frettabladid.is#nyskraning**
Það kostar ekkert.

## Boris skoðar alifugla



**Boris Johnson, nýkjörinn forsætisráðherra Bretlands, skoðar alifugla í heimsókn sinni á Shervington-bóndabýlið í St. Bridges í Wales á þriðjudaginn síðastliðinn. Á ferð sinni reyndi Johnson að afla nýrri landbúnaðaráætlun sinni stuðningsmanna en á næstunni mun forsætisráðherrann umdeildi kynna 300 milljóna punda fjárveitingu sem ætlað er að hjálpa samfélögum í Skotlandi, Wales og Norður-Írlandi.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Lögreglan setur bann við búrkum ekki í forgang

Holland er nú í hópi fjölda annarra landa í Evrópu þar sem umdeilt bann við búrkum tók gildi í gær. Lögreglan setur bannið ekki í forgang og segir það valda lögreglumönnum óþægindum. Starfsmenn almenningssamgangna framfylgja ekki banninu og segja það ekki í sínum verkahring að sekta fólk.

**HOLLAND** Samkvæmt nýjum lögum sem tóku gildi í Hollandi í gær er fólki bannað að hylja andlit sitt á almenningsstöðum svo sem í skólum, sjúkrahúsum og á lögreglustöðvum og í almenningssamgöngum. Lögreglu er gert að bjóða fólki að fjarlægja klæðnaðinn ellegar hljóta sekt upp á tuttugu til sextíu þúsund íslenskar krónur.

Strax á fyrsta degi bannsins má segja að það hafi fallið um sjálft sig þegar lögreglan sagðist ekki setja það í forgang og að löggæslumönnum þætti óþægilegt að framfylgja því. Einnig benti lögreglan á þau óþægindi sem það gæti valdið að konur væru ekki velkomnar inn á lögreglustöð bæru þær blæju.

Talsmenn almenningssamgangna í Hollandi hafa gefið það út að starfsfólki verði ekki gert að tryggja að lögunum verði framfylgt í lestum, neðanjarðarlestum, rútum og sporvögnum sé lögregla ekki á staðnum.

„Lögreglan hefur sagt að búrkubannið sé ekki í forgangi og að það muni taka 30 mínútur í það minnsta að bregðast við útkalli af því tagi,“ segir Petro Peters, talsmaður almenningssamgangna.

„Þetta þýðir að ef starfsmenn okkar eiga að framfylgja banninu geri þeir það án aðstoðar lögreglu og það er ekki í þeirra verkahring að gefa út sektir og tryggja að fólk fari eftir lögum,“ bætir hann við. Starfsmönnum hefur verið ráðlagt að minna konur sem hylja andlit sitt á lögin en meina þeim þó ekki að nota almenningssamgöngur.

Bann við búrkum og öðrum fatnaði sem hylur andlit fólks hefur tekið gildi í mörgum löndum Evrópu og eru um það skiptar skoðanir. Margir segja það ekki hlutverk annarra að segja fólki hvernig það eigi að klæða sig, aðrir segja það brot á trúfrelsi og sumir telja búrkur og annan hyljandi andlitsklæði kúgandi fyrir konur.

Um fjögur prósent íbúa Hollands eru múslimar en talið er að einungis 150 konur hylji andlit sitt daglega og að um 400 geri það við ákveðin tækifæri.

Femke Halsema, borgarstjóri Amsterdam, hefur lýst óánægju sinni með lögin en ekki er gert ráð fyrir að yfirvöld muni bregðast sérstaklega við því.

Amnesty International hefur sagt að bannið sé brot á rétti kvenna til að velja hvernig þær klæði sig en Mannréttindadómstóll Evrópu úrskurðaði árið 2014 að slíkt bann færi ekki í bága við Evrópusáttmálann um mannréttindi.

**birnadrofn@frettabladid.is**



**Svokallað „búrkubann“ eða bann við klæðum sem hylja andlit fólks tók gildi í Hollandi í gær.** NORDICPHOTOS/GETTY

**Strax á fyrsta degi bannsins má segja að það hafi fallið um sjálft sig.**

# ÚTSÖLULOK

**6. ÁGÚST**

# 20-70% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

70%



**HANGER** herðatré, felt. 20 stk. í pk.
2.495 kr. Nú 745 kr.

50%



**CACTUS** krukka með krana. 8 lítrar.
3.995 kr. Nú 1.995 kr.

ALLIR PÚÐAR
20-70%
AFSLÁTTUR



20%



**PLANT** hangandi planta. 4 mismunandi gerðir.
2.295 kr. Nú 1.836 kr.

70%



**FONTANA** garðstóll. 12.900 kr. Nú 3.870 kr.

ÖLL HANDKLÆÐI
30%
AFSLÁTTUR



NÚ 2.900
SPARAÐU 7.000



**STOOL** kollur með brúnu áklæði. 9.900 kr.
Nú 2.900 kr.

70%



**BRISTOL** borðlampi. 9.995 kr. Nú 2.995 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

netgíró
VALITOR

**FACEBOOK**.COM/ILVAISLAND
**INSTAGRAM**.COM/ILVAISLAND

# Skammir móðurinnar vógu þyngra

**Álit siðanefndar Alþingis kom Bergþóri Ólasyni á óvart en hann telur að Klaustursmálinu sé nú lokið. Bergþór ræðir meðal annars núning innanflokks, tvískinnung andstæðinga og hafnar því að orkupakkamálið hafi verið smjörklípa.**

Kristinn Haukur Guðnason
kristinnhaukur@frettabladid.is



**KLAUSTURSMÁLIÐ** „Þær skammir sem ég tek mest mark á í málinu öllu eru þær sem ég fékk frá móður minni fyrir átta mánuðum síðan,“ segir Bergþór Ólason, þingmaður Miðflokksins, nú þegar álit siðanefndar Alþingis liggur fyrir. En þar voru nokkur ummæli hans og Gunnars Braga Sveinssonar álitin brotleg við siðareglur. „Siðanefndarferlið hefur allt verið mjög klúðurslegt og þá er ég ekki að draga úr þeim ummælum mínum sem voru of glannaleg. En verklag bæði forsætisnefndar og siðanefndar hefur verið þannig að það hefur ekki aukið virðingu þingsins.“

Bergþór segir að hann hafi haft það á tilfinningunni að málareksturinn hafi verið settur af stað til þess að ná fram hefndum gagnvart formanninum, Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, fyrir gamlar og óuppgerðar skuldir. Engin ummæli hans hafi hins vegar þótt brjóta siðareglur.

„Álitið eins og það er orðað kom mér mjög á óvart,“ segir Bergþór. „Þarna eru bæði rangfærslur og rangar niðurstöður dregnar af ummælum. Sérstaklega þegar kemur að ummælum mínum um Albertínu Elíasdóttur og Írisi Róbertsdóttur. Þetta mál er svo fjölþætt. Maður verður að geta brugðist við ákveðnum þáttum þess á sama tíma og maður er miður sín yfir öðrum. Hvað varðar gildissvið reglnanna þá virðist sem staðan sé sú að þingmenn geti hvergi talað í einrúmi nema innandyra heima hjá sér.“

Hvað varðar framtíðina þá telur Bergþór að málinu sé nú lokið. Reiknar hann ekki með því að andstæðingar í pólitík muni nota álitið gegn þeim Gunnari. „Ég reikna með því að Klaustursmálið sé nú leitt í jörð eftir að bæði persónuverndarþættinum og þinglegri meðferð er lokið. Við sáum hversu lítið Þórhildur Sunna Ævarsdóttir gerði með álit forsætisnefndar í sínu máli og ég tek undir margt í þeirri gagnrýni sem hún setti fram,“ segir Bergþór.

### Karlmenn setja hausinn undir sig

Bergþór skilaði athugasemdum til nefndarinnar og er þar meðal annars vikið að ummælum um Albertínu. Hefur Bergþór ekki dregið orð sín til baka né beðist afsökunar á þeim. Í athugasemdum segir hann:

„Ég er að lýsa því þegar núverandi þingkona gekk svo nærri mér kynferðislega að ég var lengi að átta mig á því hvað hafði gerst.“

Aðspurður segist Bergþór ekki vilja ræða það í þaula hvað nákvæmlega fór fram á milli hans og Albertínu. „Ég gerði ekkert meira með þetta á sínum tíma, heldur fyrirgaf og hélt áfram.“ Bergþór ræddi ekki við Albertínu eftir atvikið en eftir að Klaustursupptökurnar voru birtar ræddi hann stuttlega við hana.

Samtalið berst nú að því hvort hann upplifi að hann sé ekki tekinn trúverðugur sem þolandi í ljósi þess að hann er karlmaður í valdastöðu.

„Ég held að það sé ekki farið að reyna á það,“ segir hann. „Alveg fram á síðustu stundu var ég að vonast til þess að siðanefnd kippti þessum anga málsins út. Í öðrum viðtölum hef ég beðist undan því að þetta yrði rætt. Ég held að karlmenn almennt séu ekki áhugasamir um að ræða uppákomur sem þessar. Menn setja hausinn undir sig og halda áfram.“



Ólíkt öðrum á Klaustri hélt Bergþór Ólason sig alveg til hlés lengi eftir að málið kom upp. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Birgir talaði með mjög ákveðnum hætti þarna fyrst á eftir. Hann setti fram skoðanir sem ég var ekki mjög ánægður með að sumu leyti. En við Birgir höfum unnið mjög vel saman undanfarið.**

Bergþór segir það ekki rétt að þeir sem sátu á Klaustri hafi verið að henda grín að MeToo-umræðunni. „Það verður forvitnilegt að sjá hvernig þeir sem mestar hafa haft skoðanir á þessum málum takast á við það þegar karlmaður kemur fram með sögu sem þessa.“

### Hélt sig utan kastljóss fjölmiðla

Þegar Klaustursmálið kom upp í byrjun desember í fyrra komu flestir hlutaðeigandi strax fram og gáfu viðtöl. Bergþór hélt sig hins vegar alveg frá kastljósi fjölmiðla í tvo mánuði.

„Það lá fyrir að ég þyrfti að taka mig í sjálfsskoðun, ef þetta væri sá innri maður sem ég hefði að geyma. Ég dvaldi bæði hér heima og í Þýskalandi þar sem dóttir mín býr. Það liggur fyrir að ég olli sjálfum mér og mínum nánustu vonbrigðum,“ segir Bergþór.

Hann segir að afstaða sín til málsins hafi breyst nokkuð eftir að hafa lesið handritið af samtalinu og séð myndbandsupptökur. Að þessum hlutum skoðuðum hafi það blasað við að ekki var kerfisbundið verið að rakka niður konur og minnihlutahópa heldur var verið að ræða pólitíska andstæðinga.

„Það verður að skoða þetta mál í samhengi eins og til dæmis ummælin um Írisi Róbertsdóttur. Við sátum þarna lengi og ræddum stjórnmál og ræddum meðal annars hver myndi leiða lista Sjálfstæðismanna í Suðurkjördæmi í næstu alþingiskosningum.“

Segir hann að ummælin „minna hot í ár“ hafi átt við í þeim skilningi að hún hefði leitt klofningsframboð og sé komin í meirihlutasamstarf í Vestmannaeyjum með vinstrimönnum. Það blasi því við að hún sem stjórnmálamaður sé ekki eins spennandi sem mögulegur oddviti Sjálfstæðismanna í Suðurkjördæmi fyrir næstu alþingiskosningar og hún var áður.

„Menn tala með ákveðnum hætti í pólitík. Til dæmis sagði Hanna Katrín Friðriksson í útvarpsviðtali fyrir skemmstu að eitt meginmarkmið Viðreisnar sé að einangra Miðflokkinn. Slík athugasemd fellur ekki af himnum ofan og innan þeirra raða hefur væntanlega verið talað mjög harkalega um okkur.“

Bergþór segist sjá hvað mest eftir að hafa talað harðneskjulega um Ingu Sæland, formann Flokks fólksins. „Ég ræddi við hana strax í byrjun og hún var svo höfðingleg að fyrirgefa mér þá. Ég ræddi við alla nema Írisi, sem ég náði ekki í. Viðbrögðin voru upp og ofan, enda gekk mikið á.“

> **Ég held að Klaustursmálið hafi haft meiri áhrif á okkur sem persónur heldur en eiginleg pólitísk áhrif.**

### Orkupakkinn ekki smjörklípa

Þegar málið kom upp hrundi Miðflokkurinn í könnunum og fréttir voru fluttar af úrsögnum. Enginn þungavigtarmaður sagði þó skilið við flokkinn. Bergþór segir að málið hafi reynst flokknum erfitt á fyrstu vikunum og mánuðunum. Síðan hafi raðirnar þést og hann fundið fyrir stuðningi úr baklandinu.

„Menn takast á eins og gengur,“ segir Bergþór þegar talið berst að núningi innan flokks, þá sérstaklega við Birgi Þórarinsson. „Birgir talaði með mjög ákveðnum hætti þarna fyrst á eftir. Hann setti fram skoðanir sem ég var ekki mjög ánægður með að sumu leyti. En við Birgir höfum unnið mjög vel saman undanfarið.“

Þegar leið á vorið fór að fenna yfir Klaustursmálið og við tók umræðan um þriðja orkupakkann þar sem Miðflokkurinn var í háværri andstöðu. Bergþór hafnar því alfarið að Flokkurinn hafi notað málið til þess að eyða umræðunni um Klaustur eins og sumir hafa haldið fram.

„Það er fráleitt,“ segir Bergþór. „Það voru tvö sérstaklega stór mál á síðasta þingi, þriðji orkupakkinn og afnám frystiskyldu af innfluttu kjöti, þar sem lá allan tímann fyrir að Miðflokkurinn myndi taka slaginn. Þegar ég kom aftur inn á þing í lok janúar sagði ég strax að ég myndi ekki fara í neinn feluleik heldur sinna þeim málum sem ég var kosinn fyrir. Klaustursmálið yrði að fá að hafa sinn gang og var enginn hvati í öðrum málum.“

### Tvískinnungur Samfylkingar

Miðflokkurinn hefur mælst vel í könnunum upp á síðkastið og er nánast á sama stað og hann var áður en málið kom upp. Hefur fólk því velt fyrir sér hvaða pólitíska merkingu málið hafði.

„Ég held að það hafi haft þau áhrif að fólk hagi orðum sínum skynsamlegar, að minnsta kosti geri ég það. Ég held að Klaustursmálið hafi haft meiri áhrif á okkur sem persónur heldur en eiginleg pólitísk áhrif.“

Bergþór segist ekki upplifa Miðflokkinn sem einangraðan á þingi og er fullviss um að flokkurinn gæti unnið með öðrum flokkum í ríkisstjórn ef svo bæri undir.

„Eftir að ég kom aftur inn á Alþingi tók ég eftir að sumir vildu sýna hvað þeim þætti lítið til mín koma. En þegar leið á veturinn varð ég ekki var við ónot að neinu marki,“ segir hann og er bjartsýnn á að samstarf verði gott á komandi þingvetri. Þá telur hann Samfylkingarfólk hafa sýnt mikinn tvískinnung. „Við sjáum nú að það eru fjögur ókláruð mál inni í siðanefnd Samfylkingarinnar og svo nýlegt mál Ágústs Ólafs. Þetta er sama fólk og hefur haft hæst í tengslum við Klaustursmálið.“


KRÓNAN
Ódýrt og gott á grillið!
Ódýrt
Bara pylsur, 10 stk.
399 kr. pk.
Lambalæri – New York marinerað
1699 kr. kg.
Ódýrt
Norðlenska hamborgarar, 2x120g
498 kr. pk.
Grísakótilettur, kryddaðar
1299 kr. kg
Ódýrt
Grænn aspas, 450 g
949 kr. pk.
Hamborgarar 4 stk með brauði
998 kr. pk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# Óþörf nefnd



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Fólk veit yfirleitt hvenær það hefur farið illilega út af sporinu, en geri það sér ekki grein fyrir því eru margir reiðubúnir að láta það vita af því. Almenningsálitið hefur til dæmis kveðið upp sinn dóm í Klausturmálinu, fæstir vilja hafa í vinnu þingmenn sem haga sér eins og gert var á barnum. Siðferðiskennd fólks er alvarlega misboðið. Um leið má spyrja hvort einhver sérstök nauðsyn sé á niðurstöðu siðanefndar Alþingis í því máli. Það blasir við að þingmennirnir sem hæst töluðu á Klaustri voru sjálfum sér ekki til sóma það kvöld og þeir sem þar voru og lögðu blessun sína yfir orð þeirra með því að jánka eða þegja og gefa þannig samþykki sitt mega skammast sín og iðrast.

Fyrst siðanefnd Alþingis var á annað borð að taka málið fyrir hlaut hún að komast að þeirri niðurstöðu að Gunnar Bragi Sveinsson og Bergþór Ólason hefðu gerst brotlegir við siðareglur alþingismanna. Alþingismenn eru fulltrúar þjóðar sinnar, þeir eiga að kunna að hegða sér og þegar þeir verða uppvísir að því að hafa klæmst tímunum saman og talað af fyrirlitningu um fólk þá hljóta þeir að falla í áliti hjá almenningi. Það þarf ekki sérstaka siðanefnd til að skera úr um það.

Merkilegi snúningurinn á þessu máli er hin fullkomna afneitun þingmanna á eigin framferði. Af ótrúlegri elju halda þeir áfram að benda í allar áttir en staldra ekki við og velta fyrir sér eigin ábyrgð. Þetta þykir reyndar sumum æði töff og veita framferðinu samþykki sitt með stuðningi við Miðflokkinn. Það er furðulegt klapp á bakið. Flestir hrökkva þó frá, áhyggjufullir vegna málefnaflutnings flokks þar sem einangrunarhyggja og tortryggni gagnvart umheiminum er við völd, ásamt tilheyrandi fordómum.

Þótt siðanefnd Alþingis hafi komist að sjálfsagðri niðurstöðu í Klausturmálinu þá má samt efast um erindi hennar. Satt best að segja virðist þessi siðanefnd vera enn ein óþörf nefndin. Henni eru greinilega mislagðar hendur eins og afgreiðsla hennar á máli Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur, þingmanns Pírata, sýndi svo glöggt. Hún hafði uppi orð um hugsanlega spillingu í gjörðum Ásmundar Friðrikssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins. Orð sem áttu fullan rétt á sér hlutu fordæmingu hjá siðanefnd. Þarna gerði siðanefnd ekkert gagn, þvert á móti tók hún sér stöðu með ritskoðun.

Þingmenn mega taka djarflega til orða, og svo sannarlega er oft þörf á því. Með úrskurði sínum varðandi orð Þórhildar Sunnu opnaði siðanefndin á alls kyns klögumál þar sem stjórnmálamenn geta næsta auðveldlega náð sér niðri á pólitískum andstæðingum sem eru þeim til ama.

Það þarf ekki siðanefnd Alþingis til að segja fólki hvað því á að finnast um Klausturmálið. Ekki verður heldur séð að þessi sama nefnd hafi þurft að funda og úrskurða á furðulegan hátt um orð þingmanns Pírata sem hafði áhyggjur af spillingu þingmanns. Þingmenn eiga að standa vaktina þegar kemur að því að uppræta spillingu, hvort sem hún leynist á Alþingi eða annars staðar.

**Satt best að segja virðist þessi siðanefnd vera enn ein óþörf nefndin.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Óvinsælt hlutskipti**

**Þau Haraldur Benediktsson og Steinunn Þóra Árnadóttir hafa ekki verið öfundsverð af hlutskipti sínu sem sjöundi og áttundi varaforsetar Alþingis. Þegar kom að því að fjalla um Klaustursmálið reyndist öll forsætisnefnd þingsins vanhæf vegna opinberra ummæla sinna um málið. Það kom því í hlut Haraldar og Steinunnar Þóru að fjalla um málið og má segja að það hafi hangið yfir þeim frá því að þau voru skipuð þann 24. janúar. Það mætti alveg hugsa sér ýmsar betri leiðir til að eyða tímanum. Hér eftir hljóta þingmenn að keppast við að tjá sig opinberlega um leiðindamál til að sitja ekki í svona súpu.**

**Varla pólitík**

**En það var ekki bara í forsætisnefnd sem vandræði sköpuðust. Tveir af þremur nefndarmönnum í siðanefnd Alþingis sögðu sig úr henni áður en umfjöllun um Klaustursmálið hófst. Síðar var þeim þriðja líka skipt út. Jón Kristjánsson, fyrrverandi ráðherra fyrir Framsóknarflokkinn, kom inn sem varamaður. En þegar á reyndi treysti hann sér ekki til að taka þátt í umfjöllun um málið vegna fyrri stjórnmálaþátttöku sinnar. Það er spurning hvernig mál Jón hafi ímyndað sér að lentu á borði nefndarinnar þegar hann samþykkti að taka sæti varamanns. Allavega ekkert sem tengist pólitík.** sighvatur@frettabladid.is

# Að flytja lambakjöt yfir hálfan hnöttinn



Guðni Ágústsson
fyrrverandi ráðherra og fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins

Einstök auðlind er matarkista Íslands til sjávar og sveita. Nú berast fregnir af því að verið sé að flytja lambahryggi yfir hálfan hnöttinn, 17.197 km frá Nýja-Sjálandi til Íslands – vá, kolefnissporið. Af einhverjum ástæðum hefur mönnum tekist að kjafta upp skortstöðu sem er ekki rétt. Lambakjötið okkar er einstök vara sem við berum á borð fyrir gesti okkar með stolti.

Þessi staða sem nú er uppkomin er einstök og alvarleg að því leyti að sauðfjárbændur búa við önnur og verri lífskjör en flestar aðrar stéttir og þarf lítið til að sparka undan þeim löppunum og hrun gæti blasað við í framleiðslu á lambakjöti og byggðunum. Nú hefur einstakt sólarsumar ríkt og saman fer sól og að grilla lamb þannig að söluaukning er mikil í lambakjöti og framtíðin var farin að brosa við bændum á ný.

Meðan laun hafa hækkað hefur afurðaverð lækkað eða staðið í stað til þeirra í nokkur ár. Þá skellur reiðarslagið yfir að hafinn er innflutningur og enn meiri í kortunum ef landbúnaðarráðherra slær ekki í borðið og segir að auðvitað fullnægi íslenskir sauðfjárbændur sínum aðdáendum neytendunum og erlendum gestum, deila á milli sín hryggjum í afurðastöðvunum og hefja innan nokkurra daga sumarslátrun. Nýtt lambakjöt með nýjum kartöflum og íslensku grænmeti fyllir diskinn minn og þinn.

Neytendur vilja alls ekki að svona átök eigi sér stað, þeir standa með sauðfjárbændum, þekki ég þá rétt. Þeir virða þrautseigju bændanna og varðstöðu þeirra í matvælaöryggi landsins og að auki að mati okkar allra ein öruggustu matvæli í veröldinni. Við þurfum ekki í dauðlegum heimi að flytja lambakjöt yfir hálfan hnöttinn, guð forði okkur frá slíkri glópsku.

Ég skora á landbúnaðarráðherra að hefja smölun sumarlamba með bændunum í kjördæmi sínu, þar liggur hans stærsta skylda og tækifæri sem landbúnaðarráðherra sem falin var varðstaða með landbúnaði landsins í ríkisstjórninni.

**Við þurfum ekki í dauðlegum heimi að flytja lambakjöt yfir hálfan hnöttinn, guð forði okkur frá slíkri glópsku.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FRAMKVÆMDASTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is,* Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is,* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Grasið er grænast í Dalnum

**Í DAG**



Þórlindur Kjartansson

Síðasta sumar reyndi veðráttan svo mjög á þolrif margra Íslendinga að þeir gerðu snemmbúnar ráðstafanir í vetur til þess að tryggja sér sól í júlí. Þetta hefur leitt til þess að margt sama fólkið og rigndi niður á Íslandi í júlísúldinni 2018 hefur mátt þola linnulausar blíðviðrisfréttir frá heimahögunum nú í sumar. Myndir af berrössuðum börnum að hoppa í lækjum, léttklæddu fólki flatmagandi við sundlaugarbakka og brosandi fjallagörpum í brakandi sól á tindum fjalla og breiðum jökla hafa fyllt snjallsímaskjái þeirra Íslendinga sem yfirgáfu landið um hásumar til að húka á flugvöllum og stikna svo í sumarhitum Evrópu.

Og nú er runnin upp helgin sem markar fyrir flestum endalok hásumarsins og hægfara innreið raunveruleikans. Það byrjar rólega, en brátt fer að þykja viðeigandi á vinnustöðum að pota kurteisislega í fólk og heimta upplýsingar um „stöðu mála“ sem sett voru til hliðar í júní. Tölvupósthólfin fara smám saman að fyllast af slíkum innheimtubréfum. Eftir að hafa náð að slaka á og njóta sumarsins; hvort sem er innanlands eða erlendis, þurfa flestir að setja sig á ný í stressuðu stellingarnar og byrja að venja sig við þá hugsun að sumarið sé að líða, alltof fljótt.

### Hefðirnar

Mikil verðmæti eru fólgin í því að samfélag fylgi sameiginlegum takti. Jafnvel þótt það geti verið freistandi að slá stundum hlutum á frest þegar það hentar, þá eru oft yfirgnæfandi verðmæti fólgin í því að halda við hefðum og góðum venjum. Dæmi um það er þjóðhátíðin í Vestmannaeyjum. Hún var haldin fyrst árið 1874, en þá voru sambærilegar hátíðir, þjóðminningarhátíðir, haldnar víða um land til þess að fagna þúsund árum Íslandsbyggðar, afhendingu nýrrar stjórnarskrár og heimsókn Kristjáns níunda Danakonungs. Hún mun vera röng sú útbreidda saga að Eyjamenn hafi



**Sólin brýst ætíð fram að nýju—en hún skín ekki á þá sem gefist hafa upp á biðinni.**

haldið hátíðina í Herjólfsdal þar sem veður hafi hamlað þeim ferð upp á land. Það stóð alltaf til að halda hátíðina í Herjólfsdal og við það var staðið þann 2. ágúst, fyrir nákvæmlega 145 árum. Vestmannaeyingar kunnu svo vel að meta þessi hátíðarhöld að sterk hefð þróaðist fyrir hátíð í Dalnum um þetta leyti árs, og hefur hún haldist óslitið frá 1915, en þjóðhátíð féll niður vegna heimsstyrjaldar árið 1914. Þessi tími árs hentaði vel til hátíðarhalda, eins konar uppskeru eftir úteyjaveiði og sumarvertíð. Reyndar voru Eyjamenn ekki þeir einu sem gerðu atlögu að því að viðhalda hátíðarhöldum eftir 1874 en alls staðar annars staðar en í Vestmannaeyjum aflagðist siðurinn þó fljótlega, löngu áður en hann náði að festa rætur sem siður eða hefð.

### Að halda kúrs

Mjög vandasamt er að viðhalda góðum hefðum þannig að þær hvorki staðni vegna íhaldssemi eða afmyndist vegna tækifærismennsku. Allar stofnanir sem lifað hafa í margar kynslóðir þekkja hversu vandrataður þessi vegur er; eins og sést á kaþólsku kirkjunni sem baðst árið 2008 afsökunar á því að hafa dæmt Galileó í fangelsi fyrir að halda því fram að jörðin snérist um sólina á sautjándu öld. En þjóðhátíðin í Vestmannaeyjum hefur ratað þennan stíg vel. Eftirvænting fólks á öllum aldri er raunveruleg og sönn. Gestir sem telja sig vera að koma á útihátíð uppgötva að bak við töfra þjóðhátíðarinnar eru djúpstæðar rætur. Þeir sem telja sig vera að mæta á forneskjulega hátíð uppgötva að helsta einkenni hefðarinnar er einmitt að vera ætíð vettvangur fyrir það nýjasta, ferskasta og besta. Rætur þjóðhátíðar eru nægilega sterkar til þess að þola rækilegan hristing.

Þjóðhátíð hefur verið haldin í ýmiss konar veðri og vindum í gegnum söguna og hefur mismikill bragur verið á hátíðarhöldunum. Á síðustu áratugum hefur þjóðhátíðin orðið að hálfgerðri sameign allrar þjóðarinnar því fjölmargir Íslendingar, sem lítil tengsl hafa við Eyjar, eignast smám saman hluti í hefðunum með því að mæta ár eftir ár og gerast Eyjamenn í nokkra daga á hverju ári. Þeir vita að það verður aldrei hætt við að halda þjóðhátíð, hvað sem á bjátar og hvernig sem viðrar.

### Græna grasið

Fróðlegt verður að sjá hvernig miðapantanir í flug til útlanda í júlí 2020 þróast nú þegar veturinn nálgast. Það er hættuspil fyrir sóldýrkendur að stóla á íslenska veðráttu í júlí, þótt þetta ár hafi reynst bjart. Sumarið 2018 lagði fyrir okkur gildru sem leiddi til þess að margir misstu af mörgum dýrðardögum í heimahögum. Og væri þá ekki dæmigert að veðrátta næsta sumars verði hörmung og óheppni þeirra tvöfaldist, sem misstu af yfirstandandi sumri?

Það er auðvitað mikilvægt að geta brugðist við aðstæðum og festast ekki um of í hjólförum síns eigin vana eða ákvarðana þegar forsendur breytast. Margir Eyjamenn hafa lent í því að vera staðráðnir í því að vera fjarverandi á þjóðhátíð, en hitt svo sjálfa sig fyrir í Herjólfsdal áður en helgin er liðin. En það er önnur hlið á þeim peningi, nefnilega sú að það getur orðið býsna lýjandi að vera stöðugt á útkikki eftir einhverju betra en því sem maður hefur. Stundum borgar sig nefnilega alls ekki að vaða yfir lækinn, jafnvel þótt grasið sé sannarlega grænna hinum megin þá stundina. Það er aldrei að vita nema staðan verði orðin breytt þegar maður loksins kemst upp á hinn bakkann.

Og stundum þarf maður að þola rigninguna brosandi í þeirri vissu að best sé að standa sem fastast í lappirnar þegar það freistar hvað mesta að hopa og hörfa. Sólin brýst ætíð fram að nýju—en hún skín ekki á þá sem gefist hafa upp á biðinni.

# Hvað sem er

## Opið bréf til Sigmundar Davíðs, formanns Miðflokksins



Kári Stefánsson
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

Sigmundur Davíð, þetta er bréf sem fjallar um manninn sem er stöðugt að leita að annarra manna flísum, sitjandi á eigin bjálka.

Sigmundur Davíð, það var einu sinni forsætisráðherra á Íslandi sem samdi við kröfuhafa í þrotabú allra íslensku bankanna. Í húfi voru gífurlegir hagsmunir þjóðarinnar og má leiða að því rök að það hafi sjaldan eða aldrei verið gerðir samningar sem skiptu fólkið í landinu meira máli. Svo kom allt í einu í ljós að forsætisráðherrann var sjálfur einn af kröfuhöfunum. Hann var sem sagt að semja við sjálfan sig fyrir hönd þjóðarinnar. Þegar honum var bent á þetta hélt hann því fram að það væri ekki svo vegna þess að það væri konan hans en ekki hann sjálfur sem ætti kröfurnar. Sú skýring virkar einfaldlega ekki vegna þess að fjárhagslegir hagsmunir hjóna eru þannig samofnir að hagsmunir hennar eru í raun hagsmunir hans. Í stað þess að skammast sín fór forsætisráðherrann að agnúast út í blaðamennina sem sögðu þjóðinni frá þessu; hélt því fram að um væri að ræða samsæri gegn honum meðan þjóðin leit á þetta sem samsæri hans gegn henni. Alvarleiki málsins er með öllu óháður því hvernig samningar náðust við kröfuhafa. Það eru einfaldlega býsna stór mistök þegar forsætisráðherra á hagsmuna að gæta í því að ná slæmum samningi fyrir hönd þjóðar sinnar. Þú varst þessi forsætisráðherra, Sigmundur Davíð.

Svo voru það einu sinni nokkrir alþingismenn sem fóru út á Klausturbarinn og drukku meira en góðu hófi gegndi og glötuðu um stundarsakir þeim hömlum sem leggja af mörkum til kurteisi í tali manna á milli. Afleiðingin var sú að þessir kjörnu fulltrúar þjóðarinnar sögðu ýmislegt sem var alls ekki við hæfi. Þetta er í sjálfu sér ekki stórmerkilegt vegna þess að áfengi er eitur sem breytir starfsemi heilans á þann hátt að hann hugsar öðru vísi en honum er eðlilegt og það sem frá honum kemur í orðum hefur ekki bara tilhneigingu til þess að vera drafandi heldur líka óskynsamlegt. Flest okkar hafa lent í þessu og fæst okkar hafa efni á því að hneykslast á því að svona geti gerst yfirhöfuð þótt ýmislegt af því sem heyrðist á Klausturbarnum í þetta skiptið bendi til þess að þingmennirnir hafi ekki beinlínis verið á góðum stað áður en drykkjan hófst. Það sem gerði Klausturferð þingmannanna virkilega athyglisverða eru viðbrögð þeirra við því að samtöl þeirra voru tekin upp og spiluð fyrir eyrum landsmanna. Í stað þess að viðurkenna einfaldlega að þeir hafi verið fullir og sagt alls konar vitleysu sem þeir allsgáðir meini ekki og skammist sín fyrir mátti á þeim skiljast að sá sem tók upp samtalið væri ábyrgur orða þeirra en ekki þeir sjálfir. Samkvæmt þessari nýstárlegu túlkun á tilvistarhyggjunni væru allir þeir sem horfa á tré falla í skóginum í raun réttri skógarhöggsmenn. Sigmundur Davíð, þú ert einn af þingmönnunum á Klausturbarnum og sá sem leiddi þá í tilraunum til þess að kenna konunni sem tók up samtalið um ykkar eigin sóðaskap.

Og svo skrifaðirðu tvær greinar, Sigmundur Davíð, sem birtust í Morgunblaðinu um sýndarstjórnmál sem bendir til þess að þú ætlist til þess að lesendur hafi gleymt þeim atburðum tveimur sem er lýst hér að ofan. Það er nefnilega erfitt að ímynda sér betri dæmi um samspil sýndarmennsku og stjórnmála en þá tvo. Í fyrri greininni fjallarðu um loftslagsbreytingarnar ógnvænlegu eða hnattræna hlýnun og dæmir allar tilraunir til þess að vinna gegn þeim sem sýndarmennsku. Þú gengur meira að segja svo langt að hæðast að lítilli stúlku sænskri sem hefur náð athygli heimsbyggðarinnar fyrir það hversu skýrlega hún hefur tjáð áhyggjur sínar af framtíðinni. Það er niðurstaða mælinga að hnötturinn er að hitna. Þess vegna er hnattræn hlýnun ekki kenning heldur staðreynd. Það er ósönnuð kenning að maðurinn leggi af mörkun til hlýnunarinnar með lífsháttum sínum. Það er hins vegar búið að leiða töluverðar líkur að því að sú kenning sé rétt. Það er líka ósönnuð kenning að maðurinn geti minnkað hlýnunina með því að breyta lífsháttum sínum. Það er einnig búið að leiða nokkrar líkur á því að sú kenning sé rétt hvort svo sem fyrri kenningin sé rétt eða röng. Það er hafið yfir allan vafa að efhnötturinn heldur áfram að hitna eins hratt og hann gerir í dag er stutt í að það fari að skerða lífsskilyrði mannsins. Þess vegna er það skylda okkar við börn okkar, barnabörn og komandi kynslóðir að ganga út frá því sem vísu að seinni kenningin sé rétt af því að hitt væri óásættanleg uppgjöf. Það má síðan um það deila hvað séu bestu aðferðirnar til þess að kæla okkar ástkæra hnött og hversu miklu við ættum að fórna af lífsgæðum augnabliksins til þess að bjarga lífum framtíðarinnar. Það er ljóst á lestri greinar þinnar, Sigmundur Davíð, að þú ert einn af þeim sem vilja ekki miklu fórna og síðan hitt að sú fyrirlitning sem þú sýnir hugmyndinni um endurheimt votlendis bendir til þess að þú búir ekki að miklum skilningi á líffræði, efnafræði eða þeirri almennri þekkingu sem býr að baki hugmyndum annarra um það hvernig best sé að taka á vandanum. Þú dæmir hugmyndir annarra sem sýndarmennsku án þess að benda á aðrar betri sem er bara ein aðferðin við að hvetja til þess að ekkert sé að gert.

**Þú ert að fylgja fordæmi öfgaflokka í Evrópu og Trumps í Bandaríkjunum.**

Seinni greinin þín fjallar um þá sem þú kallar förufólk og eru þeir sem flýja fátækt, stríð og aðra eymd þriðja heimsins. Þú bendir réttilega á að heimurinn sé ekki að höndla vel þann vanda sem af þessu hlýst. Það er hins vegar í mínum huga ekkert rétt og allt rangt við þá ályktun sem má lesa milli línanna hjá þér að þess vegna eigum við taka á þessu fólki af hörku þegar það rekur á okkar fjörur sem flóttafók í leit að næturstað. Þú nefnir sem dæmi um vandann ástandið á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó í valdatíð Obama en minnist ekki orði á þá hörmung sem Trump hefur valdið á sama stað. Það má skilja sem svo að þú lítir aðgerðir Trumps sem lausn á vandanum; að reisa himinháa múra á landamærum við þau lönd þar sem eymd ríkir og skilja að kornabörn og foreldra þeirra ef þau lauma sér inn í landið svo að öðrum skiljist að það sé eins gott fyrir þau að halda sig heima.

Það er ljóst á þeim orðum sem þú birtir í greinunum tveimur í Morgunblaðinu að í leit þinni að pólitískum stuðningi í samfélaginu ert þú að gera út á þá vonlausu og firrtu og í stað þess að varða þeim leið út úr því ástandi ertu að ala á vonleysinu og firringunni. Þú ert að fylgja fordæmi öfgaflokka í Evrópu og Trumps í Bandaríkjunum. Þetta er langt fyrir neðan virðingu þess Sigmundar Davíðs sem kom eins og ferskur blær inn í íslensk stjórnmál fyrir nokkrum árum. Hann barðist fyrir hugsjónum sínum. Í dag er býsna erfitt að átta sig á hvert þú ert að fara nema það sé hvað sem er fyrir hvaða stuðning sem er.

BAKARÍIÐ



## Súrdeigsbrauð

- með spíruðum rúg
- með kúmen
- hefðbundið

Steinbakað súrdeigsbrauð er bakað eftir aldargamalli franskri hefð, deigið er látið hefast í 24 tíma fyrir bakstur. Súrdeigsbrauðin okkar eru gæðavara og innihalda ekkert ger

**779** kr/stk




Sælkera brauðsalöt frábær með súrdeigsbrauðinu

**599** kr/stk

Tilboð gilda út 5. ágúst




Sneiðar eða bitar frábær á súrdeigsbrauðið

verð frá **599** kr/stk




Frábærar vöfflur með morgunkaffinu

verð frá **399** kr/pk




Cedars hummus er gómsætur og bráðhollur

verð frá **399** kr/stk




Innocent er hollt og fljótlegt millimál 330 ml

**329** kr/stk




Beauvais pizzasnúðar afþýða og njóta

**479** kr/pk

Holta

**20%** afsláttur



Holta BBQ Drumsticks

**959** kr/kg

Verð áður 1.199 kr/kg

# Meira svona alla daga

20% afsláttur






Holta Kjúklingur

**Grillbringur**
**Spicy Lemon og Black Garlic**

**1.999** kr/kg
verð áður 2.499

Spennandi steikarsósur sem þú verður að prófa

Verð frá **499** kr/stk




35% afsláttur

**Kjúklingaleggir**

**649** kr/kg
Verð áður 999 kr/kg




15% afsláttur

**Smash Style hamborgarar**

| 2 x 100 g | 2 x 120 g | 2 x 140 g | 2 x 250 g |
|---|---|---|---|
| **467** kr/pk | **535** kr/pk | **620** kr/pk | **1.104** kr/pk |
| Verð áður 549 | Verð áður 629 | Verð áður 729 | Verð áður 1.299 |




25% afsláttur

**Hagkaup grilllæri**

**2.174** kr/kg
Verð áður 2.899 kr/kg

HAGKAUP

Meira svona alla daga



Eiður Aron, leikmaður Vals, þótti ekki nógu góður til að koma aftur í uppeldisfélag sitt, ÍBV. Síðan sú ákvörðun var tekin hefur lítið gengið upp hjá félaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Vill koma smá fjöri aftur í starf ÍBV

**Daníel Geir Moritz, formaður knattspyrnuráðs ÍBV, segir að Eyjamenn líti alltaf svo á að á meðan það sé möguleiki að bjarga sér frá falli sé vonin til staðar. Hann tók við nýju hlutverki fyrir nokkrum dögum og segist hlakka til komandi verkefna.**

**FÓTBOLTI** „Ég var heima að setja rómantíska gamanmynd í tækið með konunni og var beðinn um að koma á fund, einn, tveir og bingó, í Týsheimilinu. Það var mikill heiður að vera boðið þetta hlutskipti, formaður knattspyrnuráðs, og ég ákvað að slá til,“ segir Daníel Geir Moritz.

Daníel flutti til Vestmannaeyja síðasta sumar og kennir í grunnskólanum. Hann er íþróttaáhugamönnum að góðu kunnur fyrir hlutverk sitt í Innkasti á fótbolta.net og viðtöl á sama miðli sem vöktu iðulega athygli. „Ég var trúlega búinn að vera starfsmaður í grunnskólanum í fimm mínútur þegar það var fyrst komið að máli við mig að koma í knattspyrnuráð. Þá vildi ég ekki taka slaginn. Hugsaði samt að það þarna væri búið að sá fræi. Svo fór ég að segja við þá sem maður var að hitta á förnum vegi að ég gæti nú alveg hugsað mér að koma inn í þetta eftir verslunarmannahelgi því ég var með svo mörg verkefni í sumar. Síðan verður Þjálfarabreyting og þá höfðu þeir sem höfðu verið í ráðinu samband og mátu það sem svo að það væri miður að taka einhverjar ákvarðanir sem aðrir sem kæmu hugsanlega inn í ráðið yrðu bundnir af. Þeir hringdu í mig og ég var spurður hvort ég hefði áhuga að koma inn sem formaður og það strax.“

### Skynsemin sigraði hjartað

Frá því Daníel hefur komið inn hefur verið töluvert að frétta úr herbúðum ÍBV. Fyrirliði þeirra, Sindri Snær Magnússon, var seldur til ÍA, markaskorarinn Guðmundur Magnússon fór í Víking Ólafsvík og starfslokasamningar hafa verið gerðir við Alfreð Má Hjaltalín sem hefur verið meiddur í allt sumar og Gilson Correia. Þá er liðið neðst í deildinni með aðeins fimm stig, 12 stigum frá öruggu sæti. Daníel segir að það sé þó ekki verið að henda inn handklæðinu með því að losa þessa leikmenn. „Alfreð Már bað um að fá að fara. Þetta var farið að setjast á sálina á honum að geta ekki hjálpað liðinu. Hann er góður leikmaður og góður drengur og sjálfsagt að verða við því og losa hann. Gilson var bara ekki nógu góður í þessa deild en toppmaður.

Gummi Magg var ósáttur og vildi fara. Allt þetta finnst mér vera eðlilegt. Sindri Snær, það horfir aðeins öðruvísi við. Það var alveg ljóst að hann ætlaði sér að nýta uppsagnarákvæðið í samningi sínum og það voru þrír mánuðir eftir þar til það ákvæði yrði virkt og þá hefði verið óábyrgt að taka ekki þessu tilboði, sem var mjög gott. Okkur langaði ekki að selja hann en stundum þarf skynsemin að sigra hjartað.

Okkur fannst líka jákvætt að þetta er spennandi tilboð fyrir hann. Hann hafði úrslitavaldið og þetta var sett í hendurnar á honum. Það segir ákveðna sögu að hann hafi tekið tilboði ÍA en við skiljum í mesta bróðerni. Hann hefur reynst ÍBV vel síðustu ár og við bindum vonir við að þeir sem eru í liðinu stígi upp og standi saman.“



### Leiðinlegt að halda með ÍBV

Lítið hefur komið Daníel á óvart þessa daga sem hann hefur verið með puttann á púlsinum. Þó hefur það vakið athygli hjá honum hversu lítil stemning er innan félagsins. „Það kom mér smá á óvart þegar ég flutti til Eyja og var búinn að búa hérna í eitt ár hvað það var í raun leiðinlegt að halda með ÍBV. Það er í raun þannig að það kemur lítið frá deildunum sjálfum að gera eitthvað skemmtilegt saman. Einhver stuðningsmannakvöld, karla- og kvennakvöld eða árshátíð eða hvað sem er. Einhverjir viðburðir. Það hefur of lítið verið gert en það sem er gert er vel gert. Ég hélt að hér væru reglulega hittingar, fólk að taka kaffi og að menn væru saman í þessu. Þannig var það víst.

> **Ég hélt að hér væru reglulega hittingar, fólk að taka kaffi og að menn væru saman í þessu. Þannig var það víst. Ég lít á líka að hlutverk mitt að breyta þessu.**



Daníel Geir Moritz

Ég lít líka á það sem hlutverk mitt að breyta þessu. Að við sem félag förum að vinna að því að það sé aftur gaman að halda með ÍBV og það sé stemning hjá félaginu. Ég lít svo á að verkefni mitt sé ekki bara fótboltalegs eðlis heldur líka utan vallar.“

Daníel hefur töluverða reynslu af að koma viðburðum af stað og skipulagði franska daga í ár sem heppnuðust vel. Þá er ekki leiðinlegt að vera í kringum Daníel. „Ég geri miklar kröfur til mín á þessu sviði og ég er með þær væntingar að þeir sem eru með mér í þessu finni það að það sé hægt að hafa meiri gleði í þessu.

Í gamla daga fengu þessir skemmtilegu Eyjakarakterar að njóta sín og þetta er eitthvað sem mér finnst spennandi að endurvekja í einhverri mynd.“

Aðspurður um fjárhag deildarinnar segir hann að það sé hlutur sem hann sé ekki kominn inn í að fullu ennþá. Samkvæmt ársreikningi tapaði deildin 10 milljónum króna. Rekstrartekjurnar voru 152 milljónir króna en rekstrargjöldin 162. „Ég hef ekki alveg komist inn í þessa hluti á þessum stutta tíma en við viljum tileinka okkur ábyrgan rekstur. Þess vegna seldum við Sindra til dæmis. ÍBV þarf að greiða meira en önnur lið fyrir ferðalög og ýmislegt annað en ég á eftir að læra betur á það. Ég held samt að það sé auðveldara að reka knattspyrnudeild þegar það er gaman og meira fjör.“

Þrátt fyrir nánast vonlausa stöðu er Daníel hvergi smeykur og hlakkar til komandi verkefna. „Ég hugsaði þegar ég var beðinn um að koma inn í þetta að þetta eru krefjandi aðstæður í ljósi gengisins. En ég var og er sannfærður um að hvernig sem fer þá stendur maður í haust frammi fyrir skemmtilegum verkefnum. Ég hef það mikinn áhuga að ég get ekki beðið eftir að horfa í baksýnisspegilinn eftir 10 ár og sjá hvernig hefur gengið. Ég sé fyrir mér að geta verið í þessu lengi og að þetta verði erfitt en skemmtilegt.“

benediktboas@frettabladid.is

# Fólk
Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 2. ÁGÚST 2019



# Amman sem er alltaf úti að leika

Laufey G. Sigurðardóttir tækniteiknari sér landið með allt öðrum augum en flestir aðrir. Hún hefur gengið um það þvert og endilangt enda hefur útivist og náttúran heillað hana. Laufey fer að auki í sjósund nær daglega. ➔2

Laufey G. Sigurðardóttir er engin venjuleg kona. Hún hefur tvisvar gengið yfir landið og eyðir mestum frítíma sínum á fjöllum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, tísku, menningu, heilsu og margt fleira.



Framhald af forsíðu ➜

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Laufey lætur sér ekki duga að ganga yfir Ísland, hún heimsótti Nepal síðastliðið haust og gekk upp í grunnbúðir Everest. Stefnan er sett á aðra slíka ferð á næsta ári. Þá hefur hún gengið um fjöll á Korsíku, Ítalíu og Spáni. Laufey hefur tvisvar gengið þvert yfir Ísland, síðast frá Hvalnesvita yfir hálendið að Jökulsá á Fjöllum. Laufey er sömuleiðis öflugur áhugaljósmyndari en myndir hennar hafa vakið mikla athygli á Instagram og Flickr. Nokkrar mynda hennar hafa verið notaðar á vef umhverfisráðuneytisins. Þessi ofurkona er líka amma átta barna og var á leið í sjósund með einu barnanna sem er í heimsókn frá Danmörku.



Hér er Laufey á Hengilssvæðinu og virðir fyrir sér landslagið.



Þessi er tekin nálægt Öskju uppi á hálendinu í sandstormi.

## Góður félagsskapur

Laufey segist ekki hafa stundað íþróttir þegar hún var yngri en náttúran og útivistin hafi alltaf skipt miklu máli hjá henni. „Svo er sjósundið nýjasta áhugamálið,“ segir hún. „Á einni viku er ég búin að synda 5 km. Ég syndi í Nauthólsvík, yfir Fossvoginn og til baka. Einnig hef ég ásamt nokkrum öðrum sundgörpum synt við Gróttu, Guðlaugu á Akranesi og á Reykjanesi. Þetta er einstaklega skemmtilegur félagsskapur og við getum spjallað um heima og geima,“ segir hún. „Mér líður mjög vel eftir sundið, það minnkar bólgur í líkamanum og er sérlega hressandi.

Þótt ég hafi alla tíð verið útivistarkona hef ég aukið göngurnar eftir því sem ég eldist. Fjöllin laða mig að sér eins og sjórinn. Svo er einstaklega notalegt að vera úti undir beru lofti. Það er gott að njóta náttúrunnar og hún hefur góð áhrif á líðan manns. Einnig finnst mér fólk sem gengur með mér sérstaklega jákvætt og gefandi á allan hátt. Á löngum göngum yfir landið þarf fólk að standa saman og það myndast mjög skemmtilegur andi í ferðunum. Ég fer með gönguhópum en oftast með vinum, en ég geng líka ein á fjöll,“ segir hún.



Í Nepal. Laufey stendur á fjallinu Goyko Ri (5.357 m) og horfir niður á þorpið við Goyko-vatn. Everest í skýjunum lengst til vinstri. Skriðjökullinn Ngozumpa hefur gert þessa ruðninga þar sem þorpið stendur.

## Tvisvar gengið yfir landið

Laufey gekk yfir landið 2013-2015 frá Reykjanestá að Fonti á Langanesi.

„Árið 2016 fór ganga af stað sem nefnist Horn í Horn en báðar þessar göngur eru á vegum Útivistar. Seinni gangan hófst austan við Hornafjörð og endaði á Hornbjargi fyrir vestan. Sú ganga kláraðist fyrir mánuði. Það voru ansi töff níu dagar í allt, þar af fimm dagar með allt á bakinu,“ segir hún.

„Það getur verið erfitt að fara upp og niður fjöllin með mikinn þunga á bakinu. Þetta hafðist þó með reglulegri hvíld á leiðinni. Við sváfum í tjöldum utan eina nótt,“ útskýrir hún og bætir við að henni finnist best að ganga á millistífum gönguskóm sem halda vel um ökklana. „Á Korsíku gengum við 180 kílómetra upp og niður fjöllin og mér fannst best að ganga í millistífum skóm.“



Á hálendinu. Þessi mynd sýnir vel auðnina á þessum slóðum.

## Næsta ferð skipulögð

Laufey segir að sig langi til að ganga á Grænlandi og að sú ferð verði einhvern tíma farin. Nepal er þó næst á dagskrá. „Við ætlum að ganga á öðrum stað í Nepal heldur en í síðustu ferð. Þetta svæði var lokað en var opnað fyrir erlendum ferðamönnum árið 1997. Í fyrra fórum við aðra leið en flestir gera, gengum að vatni sem heitir Gokyo Lake. Við þurftum að fara upp skarð sem er í 5.420 metra hæð til að komast á hina hefðbundnu leið upp að grunnbúðum Everest. Hópurinn tók því smá vinstri beygju. Landslagið á þessum slóðum var stórkostlegt og ferðin ógleymanleg. Maður var varla lentur hér heima þegar byrjað var að plana næstu ferð.“

Laufey segir að þótt fjöllin í Nepal hafi verið ómótstæðileg sé miðhálendi Íslands ekki síðra. Það sé eitt uppáhaldssvæðið hennar. „Maður sér alltaf eitthvað nýtt í hverri ferð. Veðrið er líka svo breytilegt og maður upplifir náttúruna í mismunandi blæbrigðum. Ég finn alltaf eitthvað skemmtilegt að skoða á leiðinni og ljósmynda. Svæðið í kringum Trölladyngju er líka mjög áhugavert og gaman að ganga þar. Trölladyngja er í Ódáðahrauni en þar sér maður margar myndir í landslaginu. Einnig get ég nefnt Vonarskarð á miðhálendinu. Mjög fallegt þar. Lónsöræfin eru sömuleiðis stórkostlegt svæði,“ segir Laufey sem ætlar þó að vera heima um verslunarmannahelgina. „Ég skelli mér bara í sjóinn. Ætli megi ekki segja að ég sé upptekin amma, alltaf úti að leika mér. Mér leiðist heldur aldrei.“

Það má skoða myndir Laufeyjar á https://www.flickr.com/photos/laufey_gs/albums

Morgundagurinn verður betri með After Party

Náttúruleg lausn við timburmönnum




Amínósýrur, Rósepli, Cactus extract, öflug blanda af B-vítamínum og Magnesíum.

**Virkar vel gegn þynnku**

2 töflur fyrir fyrsta drykk
2 töflur fyrir fyrir svefn

**Fæst í apótekum og heilsuhillum verslana**

**www.artasan.is**

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Benedikt Bóas Hinriksson,** benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Ásta Eir Árnadóttir,** astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sólrún Freyja Sen,** solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# TILBOÐ

## 4 réttir + súpa dagsins
## aðeins 1.790 kr.*

KJÚKLINGUR Í ANANASSÓSU
SVÍNAKJÖT Í KUNG PAOSÓSU
DJÚPSTEIKTAR RÆKJUR MEÐ SÚR/SÆTRI SÓSU
NÚÐLUR MEÐ GRÆNMETI

*tekið með heim – 2.100 kr. ef borðað er á staðnum.

## Frábær hóptilboð

Sjáðu öll tilboðin okkar á

**www.kinahofid.is**



Opið virka daga
kl. 11:00 - 22:00
Helgar
kl. 16:00 - 22:00



# KÍNAHOFIÐ

Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | Sími 554 5022

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is




FÉLAG FASTEIGNASALA

ÖRYGGI OG ÞEKKING
Í FASTEIGNAVIÐSKIPTUM FRÁ 1984

STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000



viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur





Snyrti & Nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 - 210 Garðabæ

- Andlitsbað, litun og plokkun
- Tilboð 9.500.-
- Meðferð tekur 60 mín

Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart


## Bílar & Farartæki

SUZUKI




Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum til flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

### Bílar óskast

**ÓSKA EFTIR AÐ KAUPA BÍL !**
Vil kaupa fólksbíl eða jeppling á verðbilinu 1,5-2,0 milljónir.
**Hringdu S. 564-5000.**

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

### Vörubílar



**VAGNASMIÐJAN AUGLÝSIR:**
Getum nú afgreitt með skömmum fyrirvara okkar grimmsterku skúffur úr Hardox 450 stáli, bæði á 4ra öxla bíla og trailer vagna. Getum einnig afgreitt samskonar palla, með sturtugrind, tjakk og öllu, tilbúna að setja á bæði notaða og nýja 3ja og 4ra öxla bíla á grind. Gerum líka við palla.
**Vagnasmiðjan Eldshöfða 21 R.vík s. 894-6000.**

### Hjólhýsi



Til sölu Kip-4,20 hjólhýsi árg '90. Ný innflutt og vel með farið. Fortjald-innbyggt salerni og innbú fylgir, verð 800 þús, frekari upplýsingar í síma 699-4329


Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn klámi.


## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagnaþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Bólstrun

**Svampur.is**
Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:
- Tjaldvagninn
- Fellihýsið
- Húsbílinn
- Bátinn
- Hjólhýsið
- Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta
Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

### Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Spádómar

**867-2555- SÍMASPÁ**
Opið frá kl. 14 alla daga. Hekla.

## Keypt & Selt

### Til sölu




**TILVALIÐ FYRIR VERSLUNARMANNAHELGINA.**
Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

## Heilsa

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

### Atvinna í boði

Stýrimann vantar á 200 tonna bát til sæbjúgnaveiðar nú þegar. Uppl í s: 694-8908

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**


CATALINA
CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR
Best geymda leyndarmál Kópavogs
Gullnáman




HAPPY HOUR VIRKA DAGA FRÁ 16-19
HEITUR MATUR ALLA DAGA 11-21
SÍMI 554 2166
HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR
WWW.CATALINA.IS

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# BÓNUS®

## Verslanir okkar eru lokaðar á frídegi verslunarmanna

mánudaginn 5. ágúst

**NJÓTIÐ HELGARINNAR**

BÓNUS®

**EKKERT BRUÐL**

VALITOR

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

**Smáratorg og Skeifan:** Mán-Lau; 10:00-19:00 • Sun; 11:00-18:00

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
2. ÁGÚST 2019 FÖSTUDAGUR



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Valgarð Briem**

hæstaréttarlögmaður,

lést miðvikudaginn 31. júlí.
Útför fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 21. ágúst kl. 13.00.

**Benta Briem**
**Ólafur Jón Briem — Sóley Jóhannsdóttir**
**Garðar Briem — Elín Magnúsdóttir**
**Gunnlaugur Briem — Hanna Björg Marteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Guðmundsdóttir**

Hæðargarði 35, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 28. júlí.
Útförin verður auglýst síðar.

**Jónas Bjarnason**
**Lilja Jónasdóttir — Stefán Atli Halldórsson**
**Gunnar Örn Jónasson**
**Sigrún Jónasdóttir**
**Óskar Jónasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Okkar yndislegi sonur, bróðir, mágur, frændi, barnabarn og barnabarnabarn,

**Steinar Páll Ingólfsson**

Lóuhrauni 1, Hafnarfirði,

verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju þriðjudaginn 6. ágúst kl. 13.00.

**Sif Jóhannesdóttir — Ingólfur Arnarson**
**Þorbjörg Hekla Ingólfsdóttir — Sigurður G. Sigurðsson**
**Jón Örn Ingólfsson**
**Helgi Valur Ingólfsson**
**Birkir Sigurðsson**
**Margrét Helga Eiríksdóttir**
**Örn Isebarn**
**Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðni Gústafsson,**

Víkurbraut 10 (Vorhús), Grindavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 27. júlí.
Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju föstudaginn 9. ágúst klukkan 14.

**Ingi Torfi Sigurðsson — Helga Eysteinsdóttir**
**Brynjólfur V. Sigurðsson — Loida Lapuz Sigurdsson**
**Guðbjörg Ólína Guðnadóttir**
**Anna Lára Guðnadóttir — Baldvin Orri Þorkelsson**
**barnabörn og langafabörn.**



✝

Okkar ástkæri

**Baldvin Tryggvason**

fyrrverandi sparisjóðsstjóri,

lést að kvöldi 29. júlí.

**Halldóra J. Rafnar**
**Sveinbjörn I. Baldvinsson — Jóna Finnsdóttir**
**Tryggvi M. Baldvinsson — Vilborg R. Einarsdóttir**
**Jónas Fr. Jónsson — Lilja Dóra Halldórsdóttir**
**Magnús Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.



**Árni Sigurðsson, formaður Churchill klúbbsins, er að skipuleggja haustferð á slóðir Churchills í Lundúnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Winston Churchill sjaldan fyrirferðarmeiri

**Churchill klúbburinn á Íslandi, sem er fræðsluvettvangur um ævi og störf Winstons Churchill, skipuleggur haustferð á slóðir Churchills í Lundúnum og nágrenni.**

Þótt liðin séu 55 ár frá því að Winston Churchill safnaðist til feðra sinna hefur hann sjaldan verið jafn fyrirferðarmikill í umræðunni og síðustu misserin. Nýverið hafa sjónvarpsáhorfendur séð hann í túlkun Johns Lithgow í þáttaröðinni Crown á Netflix. Breski stórleikarinn Gary Oldman hreppti Óskarinn fyrir túlkun sína á honum á hvíta tjaldinu í kvikmyndinni The Darkest Hour. Og nú síðustu daga hefur Boris Johnson, forsætisráðherra Breta, verið líkt við hann enda skrifaði Boris bók um hann fyrir hálfum áratug þar sem hann fer ekkert í launkofa með aðdáun sína á forvera sínum.

Og aðdáun á Churchill er ekki bara bundin við Bretland því víða um heim hittast menn reglulega til að spjalla og fræðast um ævi hans og arfleifð. Á Íslandi er Churchill klúbbur sem hefur verið starfræktur frá 2008. Að sögn Árna Sigurðssonar, formanns klúbbsins, er hann hugsaður sem fræðsluvettvangur um ævi og störf sir Winstons Churchill og þau gildi sem hann hafði í heiðri: Hugrekki, staðfestu, stórlyndi, velvilja og virðingu fyrir lýðræði og frelsi einstaklingsins.

**Starfsævin spannaði 70 ár**

„Þegar Churchill ber á góma hafa flestir eflaust í huga mynd af lágvöxnum þéttholda eldri manni með feitan vindil á milli fingranna,“ segir Árni en bætir svo við: „Hins vegar vita færri um langa sögu hans og reynslu áður en hann varð forsætisráðherra Breta í seinni heimsstyrjöld. Hann hóf ferilinn sem riddaraliðsforingi á hestbaki í valdatíð Viktoríu Bretadrottningar og endaði hann sem forsætisráðherra kjarnorkuveldis þegar hann varð svo forsætisráðherra í seinna skiptið við upphaf valdatíðar Elísabetar núverandi drottningar en hún er langalangömmubarn Viktoríu. Hann þjónaði sex breskum þjóðhöfðingjum á starfsævi sem spannaði rúm 70 ár.“

Árni segir að klúbbinn hluta af alþjóðlega Churchill félaginu en það heldur árlega Churchill alþjóðaráðstefnu og gefur út ársfjórðungsritið The Finest Hour. Hlutverk klúbbsins sé að halda fundi þegar tilefni gefst til eða þegar áhugaverða fyrirlesara og erlenda gesti ber að garði og hefur verið farið í fræðsluferðir bæði hér innanlands og erlendis. Nú stendur fyrir dyrum að klúbburinn fari á slóðir Churchills í Lundúnum og nágrenni í haust.

**Skoðunarferð á slóðir Churchills**

Ferðin stendur yfir frá föstudeginum 11. október og til mánudagskvöldsins 14. október. Þar er hugmyndin að kynnast betur manninum Churchill og huga að rótum hans, mótun og persónu.

Strax komudaginn verður farið í skoðunarferð um breska þinghúsið. Churchill náði fyrst kjöri sem þingmaður árið 1900, þá aðeins 25 ára að aldri, og sat nær sleitulaust sem þingmaður næstu 64 ár eða lengur en nokkur annar á 20. öld. Þar fetaði hann í fótspor föður síns sem setið hafði sem þingmaður og ráðherra sem ein helsta vonarstjarna breskra stjórnmála um skamma hríð áður en hann svo lést langt fyrir aldur fram aðeins 46 ára.



Winston Churchill.

Næsta dag, laugardaginn 12. október, verður svo haldið til Blenheim-hallar þar sem Churchill fæddist. Höllin er ættaróðal Marlborough-ættarinnar, þjóðargjöf til fyrsta hertogans Johns Churchill sem var einn fræknasti hershöfðingi Breta og sambærilegur við þá Nelson og Wellington þótt hann sé minna þekktur í dag. Í Blenheim verður snæddur hádegisverður og farið í skoðunarferð um höllina áður en gengið verður í gegnum hallargarðana og að gröf Churchills í þorpinu Bladon, steinsnar frá, þar sem lagður verður blómsveigur.

**Sigur var ekki alltaf í sjónmáli**

Sunnudagurinn 13. október verður svo helgaður aðgerðastöð Churchills í Lundúnum. Hún er á sínum upprunalega stað í niðurgröfnum kjallara undir Whitehall-stjórnarbyggingunni sem er eins konar Arnarhvoll þeirra Breta. Þar er nú líka viðamikið safn um Churchill og forystuhlutverk hans í seinni heimsstyrjöldinni. Aðgerðastöðin var tekin í notkun viku fyrir stríðsyfirlýsingu Breta gegn Þjóðverjum 1939 og allt fram að uppgjöf Japana í ágúst 1945.

**Sveitasetrið sælureitur Churchills**

Síðasti dagur ferðarinnar verður svo helgaður sælureit Churchills í sveitinni, Chartwell, sveitasetri hans í Kent rétt suðaustan við Lundúnir. Þar þótti honum best að vera enda umkringdur fjölskyldu, náttúru og dýralífi. Þar gat hann slakað á og skrifað til að hafa í sig og á enda hæstlaunaði penni Bretlands á fjórða áratugnum. Hann átti engan ættarauð en bar sig ætíð ríkmannlega og þurfti að fjármagna lífsstíl sinn með linnulausum bóka- og greinaskrifum. Síðan verður haldið heimleiðis til Íslands með kvöldflugi. Allar frekari upplýsingar um ferðina er að finna á Facebook-síðu Churchill klúbbsins.

**david@frettbladid.is**


TENDENS CHARCOAL


NORDIC SPIRIT NATURAL OAK/FOCUS


SHAKER WHITE


TENDENS BLACK OAK VENEER

# NÚTÍMA LÍFSTÍLL GERIR KRÖFUR TIL ELDHÚSSINS

*Nútíma lífstíll kallar á kröfur. Á sama hátt og við höfum væntingar til lífsins, gerum við kröfur til eldhússins okkar. Líttu til okkar, lýstu kröfum þínum og leyfðu okkur teikna draumaeldhúsið þitt. Ævintýrið byrjar á heimsókn í glæsilegan sýningarsal okkar í Lágmúla 8, 2. hæð, þar sem allar helstu nýjungar eru til sýnis.*

ORMSSON
*Lágmúla 8 • sími 530 2800*

***HTH á Íslandi í 40 ár, og þar af í 20 ár hjá Ormsson***
*- endurspeglar traust Íslendinga til merkisins*

HTH
INNRÉTTINGAR

HTH_INNRETTINGAR

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 16 °C | 2 ↘ |
| Ísafjörður | 15 °C | 3 ↙ |
| Akureyri | 14 °C | 3 ↓ |
| Egilsstaðir | 17 °C | 0 ○ |
| Kirkjubæjarkl | 14 °C | 4 ↗ |
| Hveravellir | 15 °C | 0 ○ |

Hæg austlæg eða breytileg átt og bjart með köflum, en þokubakkar eða súld við sjávarsíðuna N og A til. Líkur á síðdegisskúrum NA-lands. Hiti víða 15 til 22 stig að deginum, hlýjast SV til, en mun svalara fyrir austan. Skýjað með köflum og heldur lægri hiti á morgun.

## Laugardagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 14 °C | 2 ↘ |
| Ísafjörður | 11 °C | 4 → |
| Akureyri | 12 °C | 4 ↓ |
| Egilsstaðir | 15 °C | 4 ↓ |
| Kirkjubæjarkl | 13 °C | 1 ↑ |
| Hveravellir | 16 °C | 3 ↗ |

## Sunnudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 16 °C | 2 ↘ |
| Ísafjörður | 9 °C | 2 ↙ |
| Akureyri | 13 °C | 1 ↙ |
| Egilsstaðir | 11 °C | 2 ↘ |
| Kirkjubæjarkl | 13 °C | 2 ↖ |
| Hveravellir | 15 °C | 1 ↑ |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | 3 | 9 | 2 | | | |
| 8 | | | | | | | 7 | |
| 1 | 2 | | | | | 4 | 6 | |
| | | 1 | | 8 | 3 | 7 | 9 | |
| 2 | | | 9 | 4 | | | 8 | |
| | | 7 | 6 | 1 | | | | |
| | 6 | | 4 | | | | | 7 |
| | | | | 3 | 9 | 8 | | |
| 7 | 9 | 2 | | | | 1 | 4 | 3 |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | | | 7 | | 2 | |
| | 9 | 1 | | 5 | | 4 | | |
| 2 | 3 | 4 | | | 9 | 5 | | |
| | | | | | 5 | | 4 | 9 |
| 4 | 2 | | | | 6 | 7 | | 1 |
| 6 | | | | | | | | |
| | 4 | 7 | 1 | | | 3 | | 2 |
| | | | | | | | | |
| | 6 | 8 | | 9 | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 4 | | 1 | | | | |
| | | | | | | | 7 | 8 |
| | | 1 | | | | 3 | | |
| 6 | | 8 | 5 | | | | 9 | |
| 9 | | | 2 | 7 | | | 4 | |
| | 5 | | 9 | | | | | |
| | | 6 | | | | 7 | | 2 |
| | | | 3 | | | | 6 | |
| | | | | 2 | 9 | | 1 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | 7 | 3 | 6 | 8 | 5 | 4 | 9 |
| 8 | 5 | 6 | 4 | 1 | 9 | 3 | 2 | 7 |
| 4 | 9 | 3 | 5 | 2 | 7 | 8 | 6 | 1 |
| 6 | 8 | 4 | 2 | 9 | 3 | 7 | 1 | 5 |
| 3 | 2 | 5 | 7 | 4 | 1 | 9 | 8 | 6 |
| 9 | 7 | 1 | 6 | 8 | 5 | 4 | 3 | 2 |
| 5 | 6 | 8 | 9 | 3 | 2 | 1 | 7 | 4 |
| 1 | 4 | 9 | 8 | 7 | 6 | 2 | 5 | 3 |
| 7 | 3 | 2 | 1 | 5 | 4 | 6 | 9 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 1 | 7 | 6 | 4 | 8 | 3 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 9 | 5 | 2 | 7 | 6 |
| 3 | 6 | 7 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 | 1 |
| 9 | 4 | 6 | 5 | 2 | 7 | 3 | 1 | 8 |
| 5 | 3 | 2 | 8 | 1 | 9 | 7 | 6 | 4 |
| 7 | 1 | 8 | 6 | 3 | 4 | 9 | 2 | 5 |
| 8 | 5 | 9 | 7 | 6 | 3 | 1 | 4 | 2 |
| 4 | 2 | 1 | 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 7 |
| 6 | 7 | 3 | 2 | 4 | 1 | 8 | 5 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 9 | 7 | 5 | 6 | 8 | 2 | 1 |
| 2 | 1 | 6 | 9 | 4 | 8 | 3 | 5 | 7 |
| 5 | 8 | 7 | 2 | 1 | 3 | 9 | 4 | 6 |
| 4 | 6 | 1 | 8 | 9 | 7 | 5 | 3 | 2 |
| 7 | 9 | 5 | 3 | 2 | 1 | 4 | 6 | 8 |
| 8 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 | 7 | 1 | 9 |
| 6 | 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 | 8 | 5 |
| 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 2 | 1 | 7 | 4 |
| 1 | 7 | 2 | 4 | 8 | 5 | 6 | 9 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 Veðurrosi
5 Bón
6 Tveir eins
8 Framstafn
10 Samtök
11 Svefnmók
12 Dokaði
13 Áraun
15 Brákun
17 Sveif

**LÓÐRÉTT**
1 Matjurt
2 Hleypa
3 Gerast
4 Hængur
7 Garður
9 Frekna
12 Vandræði
14 Frestur
16 Tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 rysja, 5 ósk, 6 gg, 8 stefni, 10 aa, 11 lúr, 12 beið, 13 átak, 15 löskun, 17 flaug. **LÓÐRÉTT:** 1 rósakál, 2 ysta, 3 ske, 4 agnúi, 7 girðing, 9 flekka, 12 basl, 14 töf, 16 uu.

## Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Estrin átti leik gegn Katalymov í Sovétríkjunum árið 1969.

**1. Bxf7+! Kxf7 2. Hxg7+! Kxg7** (2. Bxg7 3. Dh5+ Kf6 4. Df5#). **3. Rce6+ dxe6 4. Rxe6+ 1-0.**
EM ungmenna hefst í dag í Bratislava í Slóvakíu. Fjórtán íslenskir fulltrúar taka þátt.

**www.skak.is:** Ný alþjóðleg skákstig.


# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

**Framúrakstur upp á líf og dauða**



**Þorsteinn Matthías Kristinsson,** lögreglumaður á Suðurlandi, verður á vaktinni seinni hluta verslunarmannahelgarinnar. Hann segir slys og líkamstjón í umferðinni því miður daglegt brauð og framúrakstur sé mikill áhættuþáttur.



**Þráði að eignast barn**

**Hulda Sif Ásmundsdóttir** ljósmyndari skrásetti afar persónulegt ferðalag systur sinnar Þórhildar sem er greind með geðhvörf og tók þá ákvörðun að eignast barn.

**Hátíðahöld um allt land**

**Ótal spennandi hátíðir** eru haldnar um allt land.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




#rushiceland
1 ÁRS AFMÆLI
Auka 30 mínútur
fyrir alla sem hoppa!
Afmælisleikur – Merktu mynda þína
#rushiceland1ars á Instagram yfir helgina
og þú gætir unnið gjafabréf fyrir tvo að
hoppa, dregið þriðjudaginn 6.ágúst.
rush
ICELAND
Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi · rushiceland.is

# Upplifanir af Suðurnesjum

**Anna Halin, Leifur Ýmir Eyjólfsson, Helgi Þorgils, Olga Bergmann og Rósa Sigrún Jónsdóttir sýna verk sín í Reykjanesbæ. Breiður hópur með ólík verk, segja umsjónarmenn verkefnisins.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Fimm listamenn sýna í Stofunni Duus Safnahúsum í Reykjanesbæ. Listamennirnir eru: Anna Halin, Leifur Ýmir Eyjólfsson, Helgi Þorgils, Olga Bergmann og Rósa Sigrún Jónsdóttir. Umsjónarmenn verkefnisins eru Valgerður Guðlaugsdóttir og Helgi Hjaltalín Eyjólfsson. Sýningin stendur til 18. ágúst.

„Við buðum þessum fimm listamönnum að vinna með upplifanir sínar af Suðurnesjum í gamla félagsheimilinu í Höfnum sem við fengum afnot af. Þar var opin vinnustofa og áhersla var lögð á að verkin yrðu unnin á pappír. Afraksturinn er þessi sýning,“ segir Helgi.



Helgi Hjaltalín Eyjólfsson og Valgerður Guðlaugsdóttir eru umsjónarmenn verkefnisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**VIÐ ERUM ÁSAMT FLEIRA FÓLKI AÐ LEITAST VIÐ AÐ SÝNA AÐ ÞAÐ SÉ MENNINGARLÍF FYRIR UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ.**

### Esjan á silkiþrykk

„Verkin eru mjög ólík enda hópurinn breiður. Leifur Ýmir er frekar ungur í listinni og svo erum við með Helga Þorgils sem hefur fengist við list sína í áratugi. Listamennirnir eru líka með ólík efnistök,“ segir Valgerður.

Leifur hlaut hvatningarverðlaun ársins 2019 fyrir sýninguna Handrit í D-sal Hafnarhússins. Hann sýnir fínlegar grafíkmyndir af fuglabungum og silkiþrykksmynd þar sem nafnið Esjan er skrifað. „Hann býr í Reykjavík og Esjan er heimafjallið hans og getur sömuleiðis verið heimafjallið hér. Skriftin í verkinu er eins og fjalllendi. Leifur sagðist vera búinn að vera heilt ár að reyna að ná réttu skriftinni og náði henni meðan hann var hér,“ segir Valgerður.




Esjan eftir Leif Ými Eyjólfsson. Skriftin í verkinu er eins og fjalllendi.



Þetta verk Olgu er búið til úr framtalsgögnum og vísareikningum.

### Verk úr vísareikningum

Helgi Þorgils sýnir kolateikningar af höfninni og í myndaröð hans er einnig að finna tvær teikningar af sýningarstjórunum, Valgerði og Helga. „Hann hefur komið oft til okkar og núna sat hann úti og teiknaði,“ segir Valgerður.

Rósa Sigrún Jónsdóttir sýnir vatnslitamyndir og vídeó. „Hún er listamaður sem fer út í náttúruna og vinnur í því smágerða og saumar jafnvel í verkin. Vídeóið sýnir nærmyndir af þessum þrívíðu verkum hennar,“ segir Helgi.

Olga Bergmann á skemmtileg verk á sýningunni sem eru búin til úr pappamassa, þar á meðal framtalsgögnum og vísareikningum. Anna Halin sýnir loftmyndir sem gerðar eru með bleki, vatnslitum og akrýl. „Hún er mikið að velta fyrir sér flugumferðinni, mannvirkjum og leiðum í loftinu yfir okkur,“ segir Helgi.

### Menningarlíf utan höfuðborgar

Valgerður og Helgi hafa unnið ötullega að því að halda uppi menningu í Reykjanesbæ og svæðinu þar í kring. „Við búum í Höfnum sem eru hluti af Reykjanesbæ. Við erum ásamt fleira fólki að leitast við að sýna að það sé menningarlíf fyrir utan höfuðborgarsvæðið. Það gengur ágætlega. Við fáum listafólk til okkar og oft kemur fólk sem hefur búið á svæðinu og vill upplifa svæðið sitt aftur í gegnum það sem við erum að gera og finnst kærkomið að koma aftur,“ segir Valgerður.

## Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

**2. ÁGÚST 2019**

### Viðburðir

**Hvað?** Óskalagatónleikarnir 2019
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Akureyrarkirkja
Óskar Pétursson söngvari, Eyþór Ingi Jónsson organisti og sálfræðingurinn Hjalti Jónsson flytja uppáhaldslög gesta. Miðaverð er 3.000 kr. og forsala er á tix.is.



Líf og fjör í Akureyrarkirkju í kvöld.

**Hvað?** Harmonikuhátíðin Nú er lag
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Borg í Grímsnesi
Dansleikir föstudag, laugardag og sunnudag.

**Hvað?** Myndlistarsýning
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Kompan Alþýðuhúsinu á Siglufirði
Magnús Helgason opnar sýningu sem ber yfirskriftina Kaliforníurúllur Magnúsar.

**Hvað?** Lífið í litum
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Deiglan, Akureyri.
Nedelja Marijan opnar sýningu.

# Lítils háttar væta

Sýningin Lítils háttar væta – Stafræn öld vatnsberans verður opnuð næstkomandi laugardag, 3. ágúst, í Verksmiðjunni á Hjalteyri

Þar sýna listamennirnir Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir, Eygló Harðardóttir, Geirþrúður Finnbogadóttir Hjörvar, Lee Lorenzo Lynch, Dan deMarre, Ólöf Helga Helgadóttir, Páll Haukur Björnsson, Pétur Már Gunnarsson og Þorbjörg Jónsdóttir.

Sýningarstjóri er Erin Honeycutt.

Á sýningunni eru könnuð samskipti vatns sem myndhverfingar undirmeðvitundarinnar og flæðis stafrænna upplýsinga sem nútíma samfélag byggir á og minnir á að upplýsingar eru grundvöllur konseptlistar.

Sýningin stendur til 8. september.



Sýningin verður opnuð um helgina í Verksmiðjunni á Hjalteyri.


NÝTT
Sirius
Rjómasúkkulaði
MEÐ TROMP BITUM
Sirius
Rjómasúkkulaði
MEÐ TROMPBITUM
TROMP
150 g
MEÐ TROMP BITUM
TAKTU ÞAÐ MEÐ TROMPI!
Nú geta hinir fjölmörgu aðdáendur Síríus
súkkulaðisins okkar tekið það með trompi!
NÓI SÍRÍUS
cocoa
HORIZONS







# DAGSKRÁ

## Föstudagur

### RÚV SJÓNVARP

**12.40** **Sumarið**
**13.00** **Útsvar 2016-2017 Sandgerði - Rangárþing eystra**
**14.10** **Enn ein stöðin**
**14.35** **Séra Brown**
**15.20** **Stúdíó A**
**16.05** **Skógarnir okkar Hallormsstaður**
**16.30** **Walliams & vinur**
**17.00** **Nonni og Manni**
**17.50** **Táknmálsfréttir**
**18.00** **KrakkaRÚV**
**18.01** **Allt í einum graut** Norskir gamanþættir um tvær fjölskyldur sem flytja saman í hús sem þau erfa en sambúðin reynist ekki eins auðveld og ætlað var.
**18.25** **Tryllitæki - Klósettsturtarinn Maxat**
**18.32** **Bitið, brennt og stungið**
**18.47** **DaDaDans Dönsum eins og hálfvitar** Hér stíga api, hæna og kanína flott dansspor við lagið Dönsum eins og hálfvitar með Friðriki Dór. Dansarar eru Arnaldur Halldórsson, Una Lea Guðjónsdóttir og Rut Rebekka Hjartardóttir. Danshöfundur: Sandra Ómarsdóttir
**18.50** **Landakort Skeifur** Fyrir rúmum tveimum árum rákust hjónin Rúnar og Sesselja á auglýsingu í Bændablaðinu þar sem fyrirtækið Helluskeifur var auglýst til sölu. Þau höfðu verið að leita leiða til að auka aðeins tekjurnar og ákváðu að láta slag standa. Nú smíða þau skeifur flesta daga þegar skyldustörfum á öðrum vígstöðvum lýkur, en Sesselja starfar sem leikskólakennari og Rúnar er í ýmsum verkefnum.
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veður**
**19.40** **Íslenskt grínsumar. Radíus**
**20.05** **Íslenskt grínsumar. Edda - engum lík**
**20.45** **Fjögur brúðkaup og jarðarför** Rómantísk gamanmynd frá 1994 með Hugh Grant og Andie MacDowell í aðalhlutverkum. Piparsveininn Charles og vinir hans hafa efasemdir um að þeir muni nokkurn tímann finna ástina og gifta sig. e.
**22.40** **Síðasta konungsríkið** Ævintýraleg spennuþáttaröð frá BBC sem gerist í Englandi á síðari hluta níundu aldar. Danir hafa ráðist inn í England og náð yfirráðum í fjölda smáríkja, en stríðsmaðurinn Uhtred er óttalaus og staðráðinn í að endurheimta ríki sitt. Aðalhlutverk: Alexander Dreumon, Ian Hart, David Dawson og Eliza Butterworth. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.30** **Banks lögreglufulltrúi - Bruni í hverjum blóðdropa**
**01.00** **Dagskrárlok**

### GOLFSTÖÐIN

**07.50** **Wyndham Championship** Útsending frá Wyndham Championship á PGA mótaröðinni.
**11.50** **PGA Highlights** Hápunktarnir á PGA mótunum.
**12.45** **Inside the PGA Tour** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**13.10** **Wyndham Championship**
**17.10** **Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**18.00** **Wyndham Championship** Bein útsending frá Wyndham Championship á PGA mótaröðinni.
**22.00** **Evian Championship** Útsending frá Evian Championship á LPGA mótaröðinni.

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** **Síminn + Spotify**
**08.00** **Dr. Phil**
**08.45** **The Tonight Show**
**09.30** **The Late Late Show**
**10.15** **Síminn + Spotify**
**12.00** **Everybody Loves Raymond**
**12.20** **The King of Queens**
**12.40** **How I Met Your Mother**
**13.05** **How I Met Your Mother**
**13.30** **Solsidan**
**13.50** **Family Guy**
**14.15** **The Biggest Loser**
**15.00** **90210**
**16.00** **Malcolm in the Middle**
**16.20** **Everybody Loves Raymond**
**16.45** **The King of Queens**
**17.05** **How I Met Your Mother**
**17.30** **Dr. Phil**
**18.15** **The Tonight Show**
**19.00** **Younger**
**19.30** **Alone Together**
**19.55** **The Bachelorette**
**21.20** **The Bachelorette**
**22.45** **World War Z**
**00.40** **Jack Reacher**
**02.50** **The Tonight Show**
**03.35** **Síminn + Spotify**

### RÚV RÁS EITT

**06.45** **Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50** **Morgunvaktin**
**07.00** **Fréttir**
**07.30** **Fréttayfirlit**
**08.00** **Morgunfréttir**
**08.30** **Fréttayfirlit**
**09.00** **Fréttir**
**09.05** **Í ljósi sögunnar**
**09.45** **Morgunleikfimi**
**10.00** **Fréttir**
**10.03** **Veðurfregnir**
**10.13** **Óskastundin**
**11.00** **Fréttir**
**11.03** **Sumarmál. Fyrri hluti**
**12.00** **Fréttir**
**12.02** **Hádegisútvarp**
**12.20** **Hádegisfréttir**
**12.40** **Veðurfregnir**
**12.50** **Dánarfregnir**
**12.55** **Sumarmál. Seinni hluti**
**14.00** **Fréttir**
**14.03** **Brot af eilífðinni Juliette Gréco**
**15.00** **Fréttir**
**15.03** **Sögur af landi Leti**
**16.00** **Síðdegisfréttir**
**16.05** **Umferðarútvarp**
**16.09** **Grár köttur Stærsta ástarsorgin**
**17.00** **Fréttir**
**17.03** **Tengivagninn**
**18.00** **Kvöldfréttir**
**18.10** **Umferðarútvarp**
**18.14** **Lotulíf**
**18.50** **Veðurfregnir**
**18.53** **Dánarfregnir**
**19.00** **Flugur Íslensk og erlend tónlist frá 10. áratugnum**
**19.50** **Lofthelgin**
**20.40** **Grúskað í garðinum**
**21.30** **Kvöldsagan. Hringsól**
**22.00** **Fréttir**
**22.05** **Umferðarútvarp**
**22.14** **Veðurfregnir**
**22.20** **Sumarmál. Fyrri hluti**
**23.05** **Sumarmál. Seinni hluti**
**00.00** **Fréttir**
**00.05** **Næturútvarp Rásar 1**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**11.50** **The Muppets Take Manhattan**
**13.25** **Leatherheads**
**15.20** **Hanging Up**
**16.55** **The Muppets Take Manhattan**
**18.30** **Leatherheads**
**20.25** **Hanging Up**
**22.00** **Sicario**
**00.05** **Arrival**
**02.00** **Skiptrace**
**03.45** **Sicario**

### STÖÐ 2

**07.00** **Tommi og Jenni**
**07.25** **Friends**
**07.45** **Gilmore Girls**
**08.30** **Brother vs. Brother**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **The New Girl**
**10.00** **The Good Doctor**
**10.45** **Deception**
**11.30** **Satt eða logið?**
**12.10** **Feðgar á ferð**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Almost Friends**
**14.40** **The Jane Austen Book Club**
**16.25** **Suður-ameríski draumurinn**
**17.05** **Brother vs. Brother**
**17.45** **Bold and the Beautiful**
**18.05** **Nágrannar**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.45** **Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**18.55** **Veður**
**19.00** **Strictly Come Dancing**
**20.25** **Strictly Come Dancing**
**21.10** **White Boy Rick**
**23.00** **Fifty Shades Darker**
**00.55** **Life of the Party**
**02.40** **Submergence** Rómantísk spennumynd frá 2017 með James McAvoy og Alicia Vikander. John Moore er skoskur útsendari bresku leyniþjónustunnar sem hefur verið tekinn höndum af sómölskum jihadistum og bíður nú örlaga sinna í gluggalausum klefa. Á sama tíma er djúpsjávarljósmyndarinn Danielle Flinders á leiðinni niður á botn Grænlandshafs til að taka myndir. Á þessari örlagastundu í lífi þeirra beggja sameinast hugur þeirra í upprifjun.
**04.30** **The Jane Austen Book Club**

### STÖÐ 3

**19.10** **Kevin Can Wait**
**19.35** **Schitt's Creek**
**20.00** **Seinfeld**
**20.25** **Friends**
**20.50** **Stelpurnar**
**21.15** **Barry**
**21.50** **American Dad**
**22.15** **Famous in Love**
**22.55** **Lovleg**
**23.20** **All American**
**00.05** **Kevin Can Wait**
**00.30** **Seinfeld**
**00.55** **Tónlist**

### STÖÐ 2 SPORT

**08.30** **Breiðablik - Þór/KA** Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
**10.10** **AC Milan - Benfica**
**11.50** **Formúla 1. Þýskaland - Keppni**
**14.10** **Þór - Víkingur Ó** Útsending frá leik í Inkasso deild karla.
**15.50** **N1 - mótið** Skemmtilegur þáttur um knattspyrnustjörnur framtíðarinnar.
**16.30** **Breiðablik - Þór/KA**
**18.10** **Community Shield 2019 - Preview Show** Hitað upp fyrir Samfélagsskjöldinn á sunnudag þar sem Liverpool og Manchester City mætast.
**18.40** **Luton - Middlesbrough** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**20.45** **UFC Now 2019**
**21.35** **UFC 240. Holloway vs Edgar**
**00.25** **Community Shield 2019 - Preview Show**

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


Í HÁLFA ÍSÖLD
50 ára
1969
2019
Kjörís
50 ÁRA AFMÆLISÍS
Mjúkís
MEÐ
BOURBON-VANILLU, HVÍTU
& DÖKKU SÚKKULAÐI,
KARAMELLU- & SÚKKULAÐISÓSU
Ómótstæðilegur í hálfa ísöld. Bourbon-vanilluís með hvítu og dökku súkkulaði, sveipaður karamellu- og súkkulaðisósu, er blanda sem mun vekja lukku í minnst 50 ár til viðbótar.

# Vertu klár fyrir helgina

Verslunarmannahelgin er að bresta á, undirbúningurinn í hámarki og eflaust margir farnir af stað. En ef þú situr enn við ferðatöskuna og hefur ekki hugmynd um hvað þú átt að taka með þér þá er Glamour með nokkrar hugmyndir.

Stelum stílnum af hinni bresku Alexu Chung sem er mikið fyrir útihátíðir. Alexa velur góðar og traustar yfirhafnir, gallabuxur og þægilega skó, sem er nánast allt sem þú þarft.



Þó að ólíklegt sé að rigni um helgina þá skaltu samt taka regnkápuna með. Dökkblátt og hvítt fer vel saman.



Gallabuxur frá Weekday, kosta 6.995 kr.



Regnkápa frá 66°Norður. Kostar 32.000 kr.



Gallabuxur frá Zöru, kosta 6.995 kr.



Ef það á ekki að rigna er gott að taka strigaskóna með. Þeir passa vel við gallabuxur og vaxjakka.



Converse skór fást í H Verslun og kosta 9.990 kr.



Þykk og hlý skyrta er töff og passar við margt. Þú gætir jafnvel fundið þína hjá kærasta, vini, bróður eða pabba.



Skyrta frá Han Kjobenhavn sem fæst í Húrra Reykjavík. Kostar 28.990 kr.



Dr. Martens stígvél sem fást í GS Skóm. Þau kosta 28.995 kr.

LÖGGILTUR RAFVERKTAKI
Alhliða rafverktakar
Þjónusta við fyrirtæki og heimili
RAFLÍNA
Sími 617 1111 - raflina@raflina.is

GLAMOUR
Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram
• Twitter



# 10 nýjungar frá Ella's Kitchen




Fingra-
matur







Ávaxta- og
grænmetis-
skvísur










Grænmetis-
skvísa

Kvöldverða-
skvísa













Ella's kitchen organic




437 kr
LOL NAMMI
100g - 130g
ALLAR TEGUNDIR







149 kr
KATJES NAMMI
90g
ALLAR TEGUNDIR

NÝJAR OG SPENNANDI VÖRUR Í HVERRI VIKU




229 kr
NORDTHY BARS
4 x 25g
ALLAR TEGUNDIR

ÞÚ FINNUR SUPER1 Á TVEIMUR STÖÐUM



HALLVEIGARSTÍG 1
SMIÐJUVEGI 2

OPIÐ 10:00 - 22:00 ALLA DAGA
LOKAÐ FRÍDAG VERSLUNARMANNA 5. ÁGÚST

SUPER 1
MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ






**Hljómsveitin Bjartar sveiflur mætir á Flateyri annað sumarið í röð.** MYND/MAGNÚS ANDERSEN

# Bjartar sveiflur spila fyrir vestan

Hljómsveitin Bjartar sveiflur spilar á Vagninum á Flateyri um helgina. Rekstrarstjóri staðarins segir að sumarið hafi gengið vonum framar og að fallegt veður hafi líklega spilað stóra rullu í því.

Um helgina verður hljómsveitin Bjartar sveiflur með ball á Vagninum á Flateyri. Mýrarboltinn fer fram í Bolungarvík en stutt er að skella sér yfir á Flateyri á þennan margrómaða bar.

„Það er búið að ganga mjög vel í sumar og veðrið náttúrulega miklu betra en í fyrra. Það hjálpaði mikið. Þannig að það hefur verið nóg að gera, Góss var með tónleika og svo kemur Magga Maack með Búkalú hingað. Þannig að við í raun gætum ekki verið sáttari,“ segir Óli Hjörtur Ólafsson, rekstrarstjóri Vagnsins.

Óli segir að sér finnist merkilegt hve gestirnir eru blandaðir, það sé alveg jafn mikið um Íslendinga á faraldsfæti og erlenda túrista.

„Listunnandi Íslendingar sækja mikið hingað enda er þetta smá svona heimabær kvikmyndagerðarfólksins. Seyðisfjörður hefur listamennina, Flateyri kvikmyndagerðarmennina,“ segir Óli hlæjandi.

**Ákváðu að endurtaka leikinn**

„Við erum partíband og urðum í raun til bara fyrir tilstilli þess að vinkona okkar Ólöf Rut átti trítugsafmæli. Það stóð ekkert til að stofna band en fyrstu tónleikarnir gengu svo vel að við vorum strax bókaðir í annað gigg. Og þannig hélt það áfram,“ segir Úlfur Alexander Einarsson um tilurð ábreiðuhljómsveitarinnar Bjartra sveifla.

> **ÞAÐ STÓÐ EKKERT TIL AÐ STOFNA BAND EN FYRSTU TÓNLEIKARNIR GENGU SVO VEL AÐ VIÐ VORUM STRAX BÓKAÐIR Í ANNAÐ GIGG.**
>
> Úlfur Alexander Einarsson

> **SEYÐISFJÖRÐUR HEFUR LISTAMENNINA, FLATEYRI KVIKMYNDAGERÐARMENNINA.**
>
> Óli Hjörtur Ólafsson

Hann segir þá hafa orðið band án þess að það hafi beint verið stefnan.

„Við erum allir í öðrum hljómsveitum þar sem við spilum frumsamda tónlist en í Björtum sveiflum erum við bara í ábreiðunum.“

Úlfur segist ekki hafa verið á staðnum þegar nafnið var valið.

„Þetta var smá svona strákahljómsveitagír. Ég kom bara inn í bandið og fékk ekki að ráða neinu,“ segir Úlfur hlæjandi og heldur áfram: „Mér var bara sagt hvað ég átti að gera.“

Í fyrra hélt hljómsveitin í fyrsta sinn tónleika á eigin vegum og var það á Vagninum á Flateyri. Undirtektirnar voru það góðar að ákveðið var að endurtaka leikinn í ár.

„Það var mjög skemmtilegt að spila í fyrra og gekk svo vel að auðvitað vildum við gera þetta aftur í ár. Svo erum við að spila hverja einustu helgi út sumarið. Næst spilum við í partíi fyrir Pink Iceland í tengslum við gleðigönguna,“ segir Úlfur.



steingerdur@frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*


ÚRVAL ÚTSÝN
Framúrskarandi fyrirtæki 2018
ÁGÚST SÚPERSÓL
Úrval Útsýn hefur verið ferðafélagi Íslendinga til sólarlanda í 64 ár.
Við bjóðum fjölda hótela sem rúma stórar sem litlar fjölskyldur.
Ef þú finnur ekki gistingu sem hentar, þá geta ferðaráðgjafar okkar fundið hana fyrir þig.
FLUG VERÐ FRÁ 49.900,-
FLUG & HÓTEL VERÐ FRÁ 89.900,-
ALBIR PLAYA HOTEL & SPA ****
ALBIR
9. - 15. ÁGÚST
Tvíbýli með morgunverði.
VERÐ FRÁ 97.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 123.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
BEST SABINAL ****
ALMERÍA
HÁLFT FÆÐI
9. - 16. ÁGÚST
Tvíbýli með hálfu fæði.
VERÐ FRÁ 96.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 120.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
BUNGALOWS PARQUE CRISTOBAL ***
KANARÍ
5. - 12. ÁGÚST
Premier smáhýsi með einu svefnherbergi.
VERÐ FRÁ 89.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 132.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
FENALS GARDEN HOTEL ****
LLORET DE MAR
8. - 17. ÁGÚST
Tvíbýli með morgunverði.
VERÐ FRÁ 108.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 136.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
MARYLANZA SUITES & SPA ****
TENERIFE
5. - 12. ÁGÚST
Íbúð með einu svefnherbergi.
VERÐ FRÁ 106.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 150.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
FLUG
KANARÍ
5.-12. ÁGÚST - VERÐ FRÁ 49.900 KR.
TENERIFE
14.-21. ÁGÚST - VERÐ FRÁ 59.900 KR.
BARCELONA
15.-24 ÁGÚST - VERÐ FRÁ 49.900 KR.
ALICANTE
6.-13. ÁGÚST - VERÐ FRÁ 54.900 KR.
ALMERÍA
16.-23. ÁGÚST - VERÐ FRÁ 59.900 KR.
VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFABRENGL.
INNIFALIÐ Í VERÐI ER FLUG, FLUGVALLASKATTAR, FERÐATASKA OG HANDFARANGUR OG VALIN GISTING
ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19 | 201 KÓPAVOGUR | 585 4000 | UU.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf






Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Þórarins Þórarinssonar




## Aðrar leiðir

Ég er kvíðasjúklingur og get því alltaf fundið eitthvað til þess að kaldsvitna yfir af áhyggjum, missa matarlyst af stressi og liggja andvaka heilu og hálfu næturnar. Sæki þannig alltaf í súru molana í konfektkassa Forrests Gump frekar en að smakka á nýjum og girnilegum og taka sénsinn á að þeir innihaldi lífsfyllingu frekar en eitur, tómata eða súrsaðar gúrkur.

Ég er búinn að vera að æfa mig aðeins í þessu og það er meira að segja kvíðinn minn sem er að reka mig út á nýjar brautir í krafti óttans við dauðann, hnattræna hlýnun og framtíð afkomenda minna.

Ég legg mig því allan fram um að kolefnisjafna kjötát mitt, vanafestu og sérgæsku með því að eyða sem nemur í það minnsta einum vinnudegi á viku í að skrúbba plastumbúðir, leysa upp límmiða, skola pappafernur, flokka rusl og skila.

Þessar stundir hafa reynst mér svo gefandi að það má eiginlega tala um þær sem endurvinnslu á tíma sem ég nota til þess að hugleiða og æfa mig í að láta hugann reika án þess að steyta á áhyggjuskeri.

Loftslagskvíðinn hefur líka gefið mér svo undursamlegar gæðastundir á daglegum gönguferðum til og frá vinnu að ég vildi óska að ég þyrfti aldrei framar að setjast upp í bíl.

Á röltinu finnur maður nefnilega svo áberandi fyrir því að lífið er ævintýri svo lengi sem maður gætir þess að ganga aldrei sömu leiðina meira en tvo daga í röð. Útúrdúrar, Unnarstígur í gær, Hrannarstígur í dag og krókar sem jafnvel lengja leiðina bæta stöðugt við nýjum aukapersónum og fleiri kisum í söguna endalausu.

Það er svo geggjað að ganga og hugsa eftir nýjum leiðum að maður getur meira að segja gleymt áhyggjum sínum þegar maður er svo upptekinn við að upplifa. Eitthvað nýtt.








